

Vitneskja um fjórar frásagnir



Rödd aðfluttra heyrir í ljóðum



Fréttir > 6

Menning > 20

# FRÉTTABLAÐIÐ

241. TÖLUBLAÐ 21. ÁRGANGUR

frettabladid.is

MIDVIKUDAGUR 8. DESEMBER 2021



Stolt fimleikafólk sýndi verðlaunin sín frá Evrópumeistaramótinu í hópfimleikum í Portúgal í Safnahúsinu í gær. Kvinnalandsliðið náði Evrópumeistaratitlinum og karlalandsliðið silfrinu.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Algjör viðsnúningur hjá PCC Bakka

Framleiðslumet er sett mánuð eftir mánuð á Bakka. Allt starfsfólkið skilaði sér til baka eftir að slökkt var á ofnum. Verð afurða margfaldast.

bth@frettabladid.is

**STÓRIÐJA** „Staðan er fin,“ segir Rúnar Sigurpálsson, forstjóri PCC Bakka. „Við höfum bætt framleiðslu okkar jafnt og þétt undanfarið og setjum ný met í hverjum mánuði.“

Rekstur PCC hefur markast af áföllum. Bilanir hafa verið tíðar, forstjóraskipti, mikil niðurfærsla á hlutafé og fleira. Fyrirverandi þingmaður Samfylkingarinnar, Ólína

Þorvarðardóttir, hélt því nýverið fram að PCC, sem framleiðir ksil-málm, væri nánast í andarslitrunum.

„Fréttir af andláti okkar eru stórlega ýktar,“ segir Rúnar.

Starfsmannafjöldinn er nú um 150 manns að sögn Rúnars. Þegar fyrirtækið hafi neyðst til að slökkva tímabundið á ofnum verksmiðjunnar hafi hann sagt að þeir myndu endurheimta mannaúð sinn á ný. Það hafi gengið eftir. Allir starfsmenn hafi skilað sér til baka. Þeir séu flestir af erlendu bergi brotnir og hafi komið sér vel fyrir.

„Salan gengur vel, markaðir eru góðir. Við erum að skynja allt annað landslag en verið hefur,“ segir Rúnar.



Verð á hverju tonni af framleiðsluafurð fyrirtækisins hefur rokið úr 1.500 evrum í 7.000 evrum.

Verksmiðjan sé nú í hámarksafköstum. „Eigendur verksmiðjunnar eru sáttir við gang mála, enda algjör viðsnúningur.“

Annas Jón Sigurðsson, hjá PCC, segir að fyrirtækið hafi skilað hagnaði síðustu þrjá mánuði. Veltan sé um tveir milljarðar á mánuði. Verð á hverju tonni af framleiðsluafurð fyrirtækisins hafi rokið úr 1.500 evrum í 7.000 evrum.

Ef reksturinn heldur þannig áfram gæti farið svo að milljarða niðurfærslur á hlutabréfum gangi til baka að sögn Rúnars. Erlendir fjárfestar eiga mest í verksmiðjunni en um 14 prósent eru í eigu Bakkastakks, lífeyrissjóðir eru þar á meðal. ■

## Flytur út helming rækju frá landinu

**VIÐSKIPTI** Friðrik Már Þorsteinsson, stofnandi og eigandi Northcoast Seafoods, segir lykिलinn að velgenginni að velja rétta fólk.

Fyrirtækið veltir um 25 milljörðum króna á ári og flytur út 50 prósent af allri rækju sem er skelflett hér á landi. **SJÁ SÍÐU 10**



Friðrik Már Þorsteinsson

Gjafa kort

# Gjafakort Þjóðleikhússins

Þjóðleikhúsið

leikhusid.is



Kári var dæmdur fyrir óhlýðni í héraðsdómi í fyrra. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Kári og Borys fá áheyrn hjá MDE

adalheidur@frettabladid.is

**DÓMSMÁL** Mannréttindadómstóll Evrópu hefur ákveðið að taka til efnisumfjöllunar mál Kára Orrasonar og Borys Andrzej Ejryszew sem voru í fyrra sakfelldir í Héraðsdómi Reykjavíkur fyrir að óhlýðnast fyrirskipunum lögreglumanna í mótmælaaðgerðum í dómsmálaráðuneytinu árið 2019.

Þeir félagar höfðu sest niður í anddyrinu og krafist fundar með ráðherra um aðbúnað flóttamanna á landinu.



## Kári og Borys kröfðust fundar með ráðherra um málefni flóttafólks.

„Ég hefði auðvitað viljað að íslenskir dómstólar hefðu metið herra grundvallarréttindi manns til að mótmæla, en raunveruleikinn er sá að hér hefur 19. grein lögregluglaga ítrekað verið beitt til þess að skerða þessi réttindi,“ segir Kári. Hann vonast til þess að dómur frá Mannréttindadómstól Evrópu (MDE) geti orðið til þess að ákvæðið verði endurskoðað.

Í kærinni til MDE er byggt á ákvæðum 10. og 11. greinar mannréttindasáttmálans um tjáningarfrelsi og rétt fólks til að safnast friðsamlega saman.

MDE hefur óskað eftir greinargerð frá ríkinu þar sem óskað er eftir afstöðu ríkisins til þess hvort réttindi þeirra hafi verið brotin og hvort íslensk yfirvöld, þar á meðal dómstólar, hafi lagt nægilegt mat á nauðsyn aðgerða gegn mótmælendum og hvort þær hafi verið í samræmi við reglur um meðalhóf. ■

## Vatn í Ráðhúsinu í nokkra klukkutíma



Blöndunartæki á vaski á fjórðu hæð í Ráðhúsi Akureyrar fór í sundur með þeim afleiðingum að vatn lak niður fjórar hæðir í marga klukkutíma. Slökkviliðið dældi út einhverjum þúsundum lítra, þar sem mest var voru um sjö til tíu sentimetrar af vatni á gólfinu. Verktakar komu til að skoða innréttingar, veggi og gólfefni. Á næstu vikum kemur í ljós hversu mikið tjónið var.

FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN NIELSSON



Mörg skilti voru á lofti í gær.

## Vilja ekki að börn fái bólusetningu

arib@frettabladid.is

**COVID-19** Hátt í hundrað manns komu saman á Austurvelli um kvöldmatarleytið í gær til að mótmæla því að börn væru bólusett við Covid-19.

Einn mótmælenda, sem vildi ekki láta nafns síns getið, sagði að hópurinn væri ekki á móti öllum bólusetningum, einungis að börn væru bólusett við Covid-19. ■

# Fótgangandi í Gufunesi eru skildir eftir á köldum klaka

Ekki eru komnar almennings-samgöngur í vistvænu þorpi í Gufunesi og samgöngur inn í og út úr hverfinu eru fábrotnar. Hugmyndasmiður hverfisins lagði áherslu á bátastrætó.

ninarichter@frettabladid.is

**SKIPULAGSMÁL** Íbúi í nýrri vistvænni byggð í Gufunesi kveðst langþryttur á úrræðaleysi í samgöngumálum á svæðinu.

Sem stendur er búið í 45 íbúðum á svæðinu, en eina gönguleiðin þaðan í strætó er kílómetra langur grýttur og óupplýstur vegslóði. Formaður skipulags- og samgönguráðs segir borgina vinna að endurbótum fyrir næsta sumar.

Rakel Glytta Brandt, billaus íbúi í hverfinu, sendi ábendingu til borgarinnar í ágúst, þar sem hún kallaði eftir umbótum á borð við lýsingu og malbikun í Gufunesi. Rakel átti erfitt með að komast út á mánudagsmorguninn. „Frá því að ég steig út úr húsi kveid ég fyrir að reyna að komast heim,“ segir hún.

Borgin svaraði erindinu í lok nóvember, á þá leið að lýsing væri komin að mestu, gatan hefði verið malbikuð að hluta og að gönguleið að strætóstöð við Strandveg „væri að fara í útboð fljótlega“.

Vistfélagið Þorpið byggir húsin í Jöfursbás í Gufunesi, en í kynningarefni frá því kemur fram að í hverfinu eigi að vera sjálfbærar samgöngur.

„Við leggjum áherslu á deilíbila sem eru að koma eftir að borgin lauk við að malbika, og almennings-samgöngur,“ segir Runólfur Ágústsson, þróunar- og verkefnastjóri Þorpsins. Hann bætir við að hluti af framtíðarsýn fyrir hverfið sé bátastrætó sem gangi til miðborgarinnar.

Runólfur segist harma að ekki séu



Stigurinn úr Gufunesi er óupplýstur og seinfarinn að vetri. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



## Frá því að ég steig út úr húsi kveid ég fyrir að reyna að komast heim.



Rakel Glytta Brandt, billaus íbúi í Gufunesi

komnar viðeigandi almennings-samgöngur í hverfið.

„Við höfum ítrekað ýtt við því máli, en höfum fengið þau svör að þetta sé alveg að koma og verið sé að vinna að skulþjónustu. En þetta er ekki viðunandi staða,“ segir hann.

Pawel Bartoszek, borgarfulltrúi og formaður skipulags- og samgönguráðs, segir að ráðið hafi í gær samþykkt nýjar tillögur að samgöngutengingum inn í hverfið.

Annars vegar sé um að ræða nýja veltengingu sem liggja norðan við núverandi tengingu, auk betri stíga-tenginga gegnum Hallsteinsgarð.

Lögð var fram tillaga um viðauka við fjárhagsáætlun næsta árs, sem felur í sér pöntunarþjónustu fyrir strætó inn í hverfið. Hann segir að íbúar geti búist við endurbótum á stígum næsta sumar.

Jóhannes Rúnarsson, framkvæmdastjóri Strætó, segir lausnina liggja fyrir tilbúna.

„Reykjavíkurborg er að fara í gegnum fjárhagsáætlun en við getum komið akstrinum af stað um leið og við fáum beiðni.“ ■

## Tannlækningar í Búdapest



Framúrskarandi tannlækninga þjónusta í miðborg Búdapest.

Sambyggt á 12 Revay er gott samnefnt hótél.

Stutt í veitingahús og verslanir.

Starfsmenn um 50 sérhæfing mikil og góð.

Verð þjónustu og íhluta um ½ af því sem hér gerist.



Upplýsingar:

www.helvetic-clinics.is/

Sími 8 200 725



HEI  
Medical Travel  
www.hei.is



Hver er jólasveinninn?

# Músaslóð Rós Vetrarblóm



Taktu þátt í jólagátu 66°Norður. Í vinning er 66°Norður gjafabréf fyrir 150.000 kr. og 50.000 kr. gjafabréf frá Icelandair.

Kíktu á [66north.is/jolagata](https://66north.is/jolagata) eða skannaðu kóðann til að taka þátt.

# Einn og hálfur milljarður króna í sýnatökum heilsugæslunnar

gar@frettabladid.is

**COVID-19** Kostnaður við sýnatökum vegna kórónaveirunnar á vegum Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins fyrstu tíu mánuði ársins var um 1,5 milljarðar króna.

Í Fréttablaðinu í gær sagði að kostnaðurinn hefði numið 460 milljónum króna en það var að sögn Óskars Reykdalssonar, for-

stjóra Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, aðeins sá hluti sem Sjúkratryggingar Íslands hafi greitt vegna sýnatökunnar á fyrstu tíu mánuðum ársins. Mismunurinn sé sértekjur, innheimtar greiðslur sjúkratryggðra og ósjúkratryggðra fyrir sýnatökunnar samkvæmt útgefni gjaldskrá.

„Í Keflavík hafa verið tekin 250.254 sýni í PCR-greiningu á



Óskar Reykdalsson, forstjóri Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins

vegum Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins fyrstu ellefu mánuði ársins,” segir í samantekt heilsugæslunnar fyrir Fréttablaðið.

„Á Suðurlandsbraut 34 höfum við tekið 575.275 sýni; þar af eru hraðgreiningarpróf 220 þúsund.“

Óskar bendir á að fyrrgreindir 1,5 milljarðar króna feli ekki í sér kostnað Landspítalans við greiningu sýna úr PCR-prófum en þó

alls kostnað varðandi greiningu hraðgreiningarprófa.

Tekjurnar komu aðallega frá ferðamönnum, bæði innlendum og erlendum, að mestu í sumar. Gjaldið var 4.000 og 7.000 krónur samkvæmt reglugerð heilbrigðisráðuneytisins.

Frá 20. september til 7. desember hafa Sjúkratryggingar Íslands greitt samtals 238 milljónir króna vegna 70.773 hraðprófa. ■

## Óbreytt staða næstu tvær vikur

arib@frettabladid.is

**COVID-19** Willum Þór Þórsson heilbrigðisráðherra tilkynnti að loknum ríkisstjórnarfundum í gær að sóttvarnaaðgerðir yrðu óbreyttar í tvær vikur til viðbótar vegna óvissunnar um Omíkrón-afbrigði Covid-19.

Willum tók fram að hann byndi vonir við að ríkisstjórninni myndu berast gögn sem sýna fram á að hægt sé að aflétta takmörkunum áður en þessar tvær vikur renna sitt skeið. ■

## Borgin þarf að greiða listakonu

arib@frettabladid.is

**DÓMSMÁL** Reykjavíkurborg þarf að greiða listakonunni Huldu Rós Guðnadóttur rúmlega 350 þúsund krónur auk málskostnaðar vegna sýningar Sjóminjasafnsins úr verki hennar, Keep Frozen, án greiðslu.



Hulda Rós Guðnadóttir, listakona

Reykjavíkurborg bar fyrir sig að framleiðandi, sem Hulda Rós hefði afsalað verkinu til, hefði fengið greitt fyrir afnot af verkinu.

Í dómi Héraðsdóms Reykjavíkur segir að ekkert liggi fyrir um að hún hefði afsalað sér réttinum. Hulda Rós fór fram á tvær milljónir króna, þar af eina milljón í miskabætur þar sem það hefði verið áfall að sjá verkið notað án sins leyfis. ■

# Engin merki um sameiningu fylkinga Sjálfstæðismanna í Vestmannaeyjum

Þrátt fyrir vilja landsforystu Sjálfstæðisflokksins til að sameina þær fylkingar sem klofnuðu árið 2018 eru engin merki um að slíkt sé í þjúnunum. Slegið hefur í brýnu á kjörtímabilinu.

kristinnhaukur@frettabladid.is

**VESTMANNAEYJAR** Bæjarmálafélagið Fyrir Heimaey fundar í þessum mánuði og ákveður hvort boðið verður fram á nýjan leik í vor. Árið 2018 vann listinn sögulegan sigur í kosningum, eftir klofning í Sjálfstæðisflokknum, og myndaði meirihluta með Eyjalistanum.

„Þetta hefur verið skemmtilegt og krefjandi verkefni. Ég reikna með að taka ákvörðun um framhaldið um eða eftir áramót,“ segir Íris Róbertsdóttir bæjarstjóri um sína framtíð.

Bæði Íris og Njáll Ragnarsson, oddviti Eyjalistans, segja samstarfið hafa gengið vel og sjá fram á framhald, bjóði listarnir fram og fái umboð kjósenda. Njáll segist opinn fyrir því að leiða Eyjalistan sem einnig ákveður framboðsmál í þessum mánuði.

Sjálfstæðisflokkurinn tapaði meirihluta árið 2018 með aðeins 6 atkvæða mun eftir að hafa unnið næstum rússneskan sigur árið 2014, með 73 prósentum. Klofningurinn, sem varð til vegna prófkjörsmála, hefur markað kjörtímabilið og sérstaklega fyrstu árin því fundir hafa dregist á langinn og andrúmsloftið á þeim verið stíft.

Hildur Sólveig Sigurðardóttir, oddviti Sjálfstæðismanna, jánkur því að særindin hafi verið persónuleg milli fylkinganna.

„Það hefur slegið í brýnu af og til á kjörtímabilinu,“ segir Hildur. „Sumir spáðu að listarnir myndu strax sameinast. En þau gáfu strax



Íris Róbertsdóttir, bæjarstjóri Vestmannaeyjum

skýr skilaboð með því að mynda meirihluta með vinstrimönnum.“ Sér hún ekki fram á sameiningu.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er mikill vilji hjá forystu Sjálfstæðisflokksins á landsvísi til að hlutirnir í Eyjum verði lagaðir. Meðal annars hafi verið reynt að fá Pál Magnússon, fyrrverandi þingmann, til þess að bera klæði á vopnin. En hann var dreginn inn í deilurnar 2018 og vikið úr fulltrúaráði flokksins. Í dag eru Sjálfstæðismenn í Eyjum klofnir í afstöðu sinni

til þess hvort þeir vilji sjá fylkingarnar sameinaðar eða ekki.

Í Eyjum eru alltaf tvö mál á oddinum; heilbrigðismál og samgöngur. Skyldingar við ríkið til að tryggja þjónustu sem er hvergi mikilvægari vegna landfræðilegra aðstæðna.

„Við erum ekki sátta við stöðuna á fluginu en það hafa orðið miklar bætur á nýtingu Landeyjahafnar,“ segir Íris. Þá sé verið að skila hjúkrunarheimilinu því ekki fylgdi nægt fjármagn. „Það var þyngra en tárur taki að skila rekstrinum því að mínu mati ættu sveitarfélögin að sjá um þetta. En við greiddum 500 milljónir fyrir ríkið á 10 árum sem er ekki boðlegt.“

Þrátt fyrir áskoranir í formi loðnubrests, faraldurs og þungra kjarasamninga sé reksturinn enn þá í plús, árið 2020 um 30 milljónir. „Stóra málið á næsta kjörtímabili

er að gera Vestmannaeyjar að enn vænlegri kosti fyrir fólk og fyrir-tæki. Við höfum skilað afgangi í öllum faraldrinum þrátt fyrir að hafa farið í gríðarlega miklar og þarfar framkvæmdir á kjörtímabilinu,“ segir Íris.

Njáll bendir á aðgerðir í skólunum á borð við snemmtæka íhlutun og spjaldtölvuvæðingu. „Við höfum fryst gjaldskrár og létt undir með fjölskyldufólki,“ segir hann. Stóra málið fyrir kosningarnar sé að halda áfram á þessari braut.

Stóra málið að mati Hildar er hins vegar að fjölga íbúum. „Við erum að glíma við aldursgat og að krakkarnir fara burt á námsárunum,“ segir hún. Hún segir Sjálfstæðismenn einnig ósatta við þenslu í kerfinu og að sífellt sé verið að búa til nýjar stöður. Flokkurinn hafi til dæmis mótmælt því harðlega að bæjarfulltrúum verði fjölgað úr 7 í 9 í vor. ■

Sárin eru aðeins farin að gróa eftir klofninginn fyrir fjórum árum.

FRÉTTABLAÐIÐ/  
EYFÖR

## Auðveldasta leiðin til kaupa og selja Bitcoin & Ethereum

- Skjót afgreiðsla
- Engin falin gjöld
- 2% Íslendinga skráðir á Myntkaup

Skráðu þig á [myntkaup.is](https://myntkaup.is)



Sækja appið





# X5

## PLUG-IN HYBRID

ENNEMM / SIA / NMO0875



#joyelectrified by 

## RAFMAGNAÐUR

BMW X5 PHEV MEÐ 80 KM DRÆGNI\* Á RAFHLÖÐU

BMW X5 Plug-in Hybrid, með einstöku xDrive fjórhjóladrifi og stærri rafhlöðu sem skilar þér af öryggi allt að 80 kílómetrum á rafmagninu einu saman. Fáguð innrétting og óviðjafnanlegur glæsileiki, ásamt 394 hestöflum veita þér hina einu sönnu BMW upplifun sem gerir hverja ferð að spennandi ævintýri. Komdu í reynsluakstur í dag.

4 ÁRA ÁBYRGÐ

**BL ehf**  
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík  
525 8000 / www.bl.is



\*Drægi mýðast við uppgögnar tölur framleiðandans samkvæmt nýjum WLTP staði um drægi í raunverulegum aðstæðum.

# Hyggst skýra tengsl og muninn á loftgæðum og loftslagsvá

birnadrofn@frettabladid.is

**UMHVERFISMÁL.** „Það hvort við séum á nagladekkjum eða ekki hefur í rauninni lítil áhrif á loftslagið en það hefur mikil áhrif á loftgæði,“ segir Birgir Urbancic Ásgeirsson, sérfræðingur hjá Umhverfisstofnun.

Birgir flytur í dag opinn fyrirlestur um tengsl loftgæða og loftslagsbreytinga sem hann segir fólk oft rugla saman.

„Þetta eru í rauninni tvenns konar verkefni sem við stöndum frammi

fyrir,“ segir Birgir. „Annars vegar eru það gróðurhúsalofttegundirnar sem stuðla að hlýnun jarðar og er alltaf verið að tala um og hins vegar eru það loftgæðin, það hvernig staðan er til dæmis í Reykjavík í dag eða á morgun. Þetta er að hluta til tengt en að hluta til ekki.“

Í fyrirlesturinum ætlar Birgir að skýra muninn á þessu tvennu á sem skýrastan hátt.

„Það sem snýr að loftgæðum er okkur mjög nærtækt. Það hversu mikið svifryk er í Reykjavík í dag



Birgir U. Ásgeirsson, sérfræðingur hjá Umhverfisstofnun

hefur áhrif á okkur sjálf og heilsu barnanna okkar. Hitt er ekki jafn nálægt okkur,“ segir hann.

„Þó að loftslagsmálin séu mjög mikilvæg og afleiðingarnar mjög

alvarlegar þá tengjum við ekki eins sterkt við það að hitinn á jörðinni sé að hækka með stormum og rigningum á ákveðnum stöðum og þurrkum á öðrum eins og það hvernig loftgæðin eru hjá okkur hér og nú.“

Þá segir hann slæm loftgæði staðbundnara vandamál en loftslagsvandann. „Ef það eru slæm loftgæði í Peking núna þá er það ekkert vandamál hérna en gróðurhúsalofttegundunum, sem hafa áhrif á loftslagið, þeim er alveg sama hvort þær eru í Peking, Mexíkó eða á Íslandi,

það er heimsvandamál,“ segir hann og tekur dæmi um flugelda og áhrif þeirra á loftgæði.

„Það losar aðeins af gróðurhúsalofttegundum þegar við brennum flugelda en aðallega eru þetta loftmengunarefni sem hafa áhrif á loftgæðin en kosturinn við loftgæðamálin er sá að þau vara yfirleitt ekki lengi út af stökum atburði eins og flugeldanotkun,“ segir Birgir.

Fyrirlesturinn hefst 12.15 og er í beinu streymi á Facebook-síðu Umhverfisstofnunar. ■



Pútín og Biden á fundinum í gær.

## Leiðtogar veifuðu hvor til annars

arib@frettabladid.is

**UKRAÍNA** Joe Biden Bandaríkjaforseti og Vladimir Pútín Rússlandsforseti funduðu í rúmar tvær klukkustundir í gegnum fjarfundabúnað í gær. Rússneskir fjölmiðlar birtu myndskjö af brosandí forsetum að vinka hvor öðrum.

Biden gaf út fyrir fundinn að Rússar ættu yfir höfði sér alvarlegar viðskiptaþvinganir ef þeir réðust inn í Úkraínu. Rússar hafna því alfarið að undirbúa innrás í landið.

Fundurinn bar lítinn árangur og munu erindrekar forsetanna halda áfram viðræðum. ■

## Skóða dularfullan fering á tunglinu

arib@frettabladid.is

**KÍNA** Kínverski tungljepinn Yutu 2 rannsakir dularfullan fering sem sást greinilega á sjóneldarhringnum á tunglinu. Yutu 2 lenti á fjarhlið tunglsins í janúar 2019 og hefur farið rúman kílómetra.

Tekur nú við allt að þrjú mánada ferðalag til að skóða feringinn.

Þetta er ekki fyrsta forvitnilega fyrirbærið sem Yutu 2 rekst á, í júlí 2019 rakst jepinn á hlaupkennt efni sem ekki hafa verið borin kennsl á. ■

# Lýsa áreiti og ógnum á skrifstofu KSÍ

Úttektarnefnd ÍSÍ komst að þeirri niðurstöðu að vitneskja hefði verið innan KSÍ um fjórar frásagnir um að leikmenn eða aðrir sem starfa fyrir KSÍ hefðu beitt kynbundnu eða kynferðislegu ofbeldi á árunum 2010-2021. Nefndin kynnti skýrslu sína í gær en þar er farið yfir atburðarásina sem leiddi til falls formanns og stjórnar KSÍ.

benediktboas@frettabladid.is

**ÍPRÓTTIR** Klara Bjartmarz, framkvæmdastjóri Knattspyrnusambands Íslands (KSÍ), varð fyrir miklu áreiti og fékk fjölmargar hótanir í kjölfar afsagnar stjórnar sambandsins og fjölmiðlaumfjöllunar og var meðal annars ráðlagt að sækja ekki barn sitt á leikskóla.

Fólk kom inn á skrifstofu KSÍ á stjórnarfundum, sýndi þar ógnandi hegðun og starfsfólk KSÍ fékk ljóta tölvupósta. Enginn þó verri en Borgildur Sigurðardóttir, varaformaður sambandsins, að mati Gísla Gíslasonar stjórnarformanns sem fékk mörg ljót skilaboð sjálfur.

Þetta er meðal þess sem má lesa í niðurstöðu úttektarnefndar Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands (ÍSÍ) sem kynnt var í gær. Þar er farið yfir aðdraganda afsagnar formanns og stjórnar KSÍ og meðferð tilkynninga og ábendinga um ofbeldi.

Í skýrslunni kemur fram að fyrrverandi eiginkona Ragnars Sigurðssonar varð fyrir vonbrigðum með hvernig KSÍ tók á máli hennar. Nafn Ragnars er ekki nefnt í skýrslunni en þar er þó hlekkur á frétt Fréttablaðsins frá því fyrir á árinu þar sem Ragnar er nafngreindur. Geir Þorsteinsson, fyrrverandi formaður KSÍ, er gagnrýndur fyrir að leita til almannatengils þegar málið kom



### Yfirlýsing Guðna

Guðni Bergsson, fráfarandi formaður KSÍ, sendi frá sér yfirlýsingu í tilefni skýrslunnar. Þar biðst hann ekki afsökunar en segir að hann hefði getað gert betur: „Þessi mál eru alltaf erfið og ég sem formaður KSÍ bar ábyrgð á viðbrögðum sambandsins í þessum málum og miðlun upplýsinga um þau til fjölmiðla og almennings. Þar hefði ég getað gert betur. Ég einblindi um of á formið og trúnað við málsaðila.“

upp. Bæði Geir og Guðni Bergsson sem tók við formennsku í KSÍ, nýttu sér almannatengla í miklum mæli.

Í einum kafla skýrslunnar er fjallað um málefni Þórhildar Gyðu Arnarsdóttur sem kærði Kolbein Sigþórsson fyrir ofbeldi árið 2017. Skömmu síðar var samið í málinu



Guðni Bergsson, fyrrverandi formaður KSÍ

og greiddi Kolbeinn henni og vinkonu hennar bætur. Hann hefur afdráttarlaust hafnað því að hafa beitt konurnar ofbeldi.

Hið margfræga Kastljósviðtal við Guðna Bergsson, þáverandi formann KSÍ, setti svo af stað atburðarás sem endaði á að hann sagði af sér og stjórnin féll. Í skýrslunni kemur fram að almannatenglafyrirtækið KOM ráðlagði Guðna að mæta ekki í téð viðtal þar sem ekki hefði ríkt traust um að RÚV myndi gæta hlutlægni og hlutleysis í fréttalutningi sínum.

Í framhaldinu gerði stjórnarfólk verulegar athugasemdir við framgöngu Guðna. Þorsteinn Gunnarsson, stjórnarmaður í KSÍ og

Stjórn KSÍ fundaði mikið og lengi seint í ágústmánuði. Tengdamóðir meints fórnarlamb, sem starfaði hjá sambandinu í 25 ár, sagði upp eftir að hafa fengið lítinn stuðning frá formanninum.

FRÉTTABLAÐIÐ/  
SIGTRYGGUR ARI

borgarritari, sagði tölvupóst sem starfsmaður KSÍ og tengdamóðir meints fórnarlamb sendu vera algjöra sprengju. Sú sendi formlega ábendingu eftir téð viðtal í Kastljósi.

„Stjórnin hefði aldrei verið látin vita af þessu heldur hafi bara átt að sópa málinu undir teppið,“ skrifaði Þorsteinn.

Í skýrslunni er einnig reifað að skilningur Klöru og Guðna á stöðunni sé mjög ólíkur. Kom fram hjá stjórnarmönnum að helgina sem stjórnin féll hefðu um 80-90 prósent stjórnar upplifað að þeim væri haldið fullkomlega í myrkurinu af hálfu formanns og framkvæmdastjóra. Annar sagði að fólki hefði liðið eins og það hefði orðið fyrir lest og það hefði spurt sig hvar það væri eiginlega státt.

Úttektarnefndin telur þó ekki efni til að fullyrða að framgangastjórnar, framkvæmdastjóra eða annarra starfsmanna KSÍ í málinu beri almennt einkenni þöggunar- eða nauðgunarmeningar umfram það sem gerist í íslensku samfélagi. ■

Það þarf örugga tengingu þegar mannslíf eru í húfi

LANDHELGISGÆSLAN ER HJÁ VODAFONE

því stjórnkerfi okkar er með víðtækustu öryggisvottun íslenskra fjarskiptafélaga.

Fyrirtæki eru betur tengd með Vodafone



# Sendu jólapakkana hvert á land sem er

## Afhending um land allt daginn eftir

Við sendum jólapakkann þinn til vina og vandamanna um land allt fyrir aðeins 1.199 kr. Verðið gildir fyrir alla pakka undir 45 kg að þyngd og 50 x 50 x 50 cm að stærð. Ef pakknum er komið til okkar fyrir kl. 14 afhendist hann hvert á land sem er **daginn eftir\***.

Við erum líka sérfræðingar í flutningi á **kæli- og frystivöru** svo við getum líka flutt jólamatinn hvert á land sem er fyrir 1.199 krónur.

\*Á lengstu leiðunum getur mögulega bæst við einn dagur en við tryggjum að sendingin fari alltaf með fyrstu ferð.

## Skráðu þína sendingu á eimskip.is

Kíktu á eimskip.is og **skráðu þína sendingu** áður en þú kemur með pakkann til okkar. Þannig stytjum við biðina og drögum um leið úr smithættu. Þú færð svo tilkynningar um stöðu sendingarinnar sendar beint í símann.

## ■ Skoðun



Helgi Vífill  
Júlíusson

## Gengur ekki

Lífið var um margt einfaldara í gamla daga. Flestir vissu að hagsæld þjóðarinnar ræðist af því hvernig fiskaðist og því fylgdust heildsalar grannit með aflbrögðum til að áætla innkaup. Sjávarútvegur var jú eini galddeyriskapandi atvinnuvegurinn en velmegun þjóða byggir á hversu vel útflytjendum vegnar.

Ísland hvorki er né hefur verið paradísarríki frjálshyggjumannsins þrátt fyrir að það sé fullrytt af og til í ljósi þess hve sjálfstæðisflokkurinn hefur setið í ríkisstjórn. Að sama skapi virðast margir kæra sig kollótta um hve mikilvægur útlutningur er þjóðarþúinu. Miklar álögur á einkageiranum og ósjálfbær launaþróun eru til vitnis um það.

Stjórnmalámennt sæta færast og hið opinbera stækkar sífellt. Samtök atvinnulífsins vöktu athygli á því að starfsfólk hins opinbera hafi fjölgað um 13 prósent á fjögurra ára tímabili en á sama tíma fækkaði starfsfólk hjá einkageiranum um 4 prósent. Þróun hófst áður en Covid-19 knésetti fjölda atvinnugreina með tilheyrandi atvinnuleysi. Þessi þróun þýðir að sífellt færri standa undir samneyslunni og skattar munu hækka. Skattar hér á landi eru þegar með þeim hæstu af OECD-ríkjunum. Það er því óskynsamlegt að hækka álögur frekar.

Nú erum við í óðaönn að breyta íslensku hagkerfi úr auðlindadrifnu hagkerfi í þekkingarhagkerfi. Rannsóknir sýna að hærri skattar draga úr nýsköpun. Minni opinber umsvif og skattalækkanir stuðla því að aukinni nýsköpun þótt meira þurfi til að leggja grunn að blómlegum hugverkaíðnaði.

Mikil opinber umsvif hamla viðgangi atvinnulífsins og draga úr hagvexti. Stjórnmalámennt þurfa að finna verkefni til að skera niður. Hið opinbera sinnir mörgum mikilvægum verkefnum sem færa má til einkaaðila í hagræðingarskyni. Má þar nefna rekstur skóla, heilsugæslu og fleira í heilbrigðisþjónustu auk umsvifa í upplýsingatæknimálum.

Íslenska hagkerfið er auðlindadrifna og atvinnuvegir sem byggja á nýtingu eru takmörk sett. Þess vegna verðum við að leggja metnað í að skapa frjósaman jarðveg fyrir hugverkaíðnað ef við viljum halda í við lífsgæði nágrannarþjóða okkar. Mikil opinber umsvif eru ekki til þess fallin. ■

# Aztiq fer fyrir 700 milljarða eignum

Róbert Wessman fer fyrir fjárfestingafélaginu Aztiq sem hefur leitt uppbyggingu Alvotech, Alvogen og fleiri félaga.

helgivi@frettabladid.is

Áætlað heildarverðmæti eigna sem Aztiq hefur fjárfest í og rekur er um 700 milljarðar króna. Þetta segir Róbert Wessman sem leiðir Aztiq, forstjóri Alvogen og stjórnarformaður Alvotech.

Aztiq fjárfestir eingöngu fyrir eigin reikning en rekur ekki fjárfestingasjóði. Fjárfestingafélagið annast rekstur þeirra félaga sem það fjárfestir í. Félagið var stofnað árið 2009 og leggur höfuðáherslu á fjárfestingar í lyfja- og heilsutengdum iðnaði.

**Í hverju hefur Aztiq fjárfest?**

„Í Alvogen Mið- og Austur-Evrópu, Alvogen Bandaríkjunum, Almatica, Almaject, Alvotech, Lotus og Adalvo. Við höfum jafnframt fjárfest í fasteignum tengdum lyfjageira auk þess að taka þátt í minni fasteignaverkefnum sem félaginu hafa þótt vera aðlaðandi eins og til dæmis Vistfélaginu Þorpið.“

**Hvernig er eignarhaldi Aztiq háttáð?**

„Við erum með fjölda fagfjárfesta í félaginu. Ég er leiðandi fjárfestir í Aztiq en til viðbótar við fagfjárfesta eru lykilstarfsmenn Aztiq jafnframt fjárfestar í félaginu,“ segir Róbert.

Í lok nóvember var upplýst að Aztiq og Innobic hefðu keypt félag af Alvogen sem á leiðandi hlut í Lotus Pharmaceutical sem er skráð á hlutabréfamarkað í Taívan og Adalvo, sem er alþjóðlegt viðskiptaþróunarfyrirtæki, að fullu. Kaupverðið var um 475 milljónir Bandaríkjadala, jafnvirði rúmlega 62 milljarða króna.

Alvogen fjárfesti í Lotus árið 2014 til að byggja upp sérhæfða aðstöðu í Taívan til að þróa og framleiða krabbameinslyf sem hægt væri að selja á hagstæðara verði en frumlyfin. „Vöxtur Lotus hefur verið mikill. Tekjurnar vaxið um 25 prósent á ári og hagnaður fyrir fjármagnslið og afskriftir (EBITDA) um 40 prósent að jafnaði á ári,“ segir hann.

Róbert segir að Aztiq eigi 40 prósent í félaginu sem var keypt af Alvogen á dögunum en Innobic, sem er fjárfestingafélag PTT í heilsgæiranum, 60 prósent. Innobic hafi góða þekkingu á mörkuðum í Asíu og innviðum þar.

„Innobic er hins vegar með takmarkaða þekkingu á mörkuðum utan Asíu, mörkuðum eins og í Bandaríkjunum og í Evrópu. Innobic óskaði því eftir því að Aztiq, sem hefur sérhæft sig í að byggja upp og reka alþjóðleg lyfjafyrirtæki, myndi halda áfram að annast rekstur Lotus í að minnsta kosti í þrjú ár,“ segir Róbert sem bendir á að Aztiq hafi meðal annars byggt frá grunni starfsemi Alvogen í Mið- og Austur-Evrópu sem var seld í árslok 2019 fyrir 745 milljónir Bandaríkjadala. „Innobic treystir því á að Aztiq leiði vöxt Lotus og Adalvo,“ segir hann.



Róbert segir að Aztiq hafi aukið hlutfé Alvogen í Bandaríkjunum um tíu milljarða fyrir á árinu.

MYND/ABSEND

## Alvotech fær tæplega 60 milljarða fjármögnun

Líftæknilyfjafyrirtækið Alvotech mun afla um 450 milljóna Bandaríkjadala, tæplega 60 milljarða króna, í tengslum við samruna við sérhæfða yfirtökufélagið (e. SPAC) Oaktree Acquisition Corp. Að samruna loknum verður Alvotech komið í bandarísku kauphöllina Nasdaq.

„Þessi fjármunir verða annars vegar nýttir í þróun og klínískar rannsóknir á nýjum lyfjum og í að koma nýjum lyfjum á markað. Meginstarfsemi Alvotech er á Íslandi, bæði þróun og framleiðsla,“ segir Róbert og bendir á að á Íslandi starfi 500 manns en 200 í öðrum löndum.

Róbert staðfestir að horft sé til tvíhliðaskráningar á Íslandi. „Félagið er íslenskt, með starfsemi á Íslandi, fjölmarga starfsmenn hér á landi og stofnandinn er frá Íslandi. Ræturnar eru mjög sterkar. Því

er áhugi á því að gefa íslenskum fjárfestum líka kost á að eiga viðskipti með félagið á Íslandi í framtíð og góð leið til þess er skráning á Íslandi.“

Róbert segir að það skipti sig máli að byggja upp þekkingu á Íslandi og með það að auginni var ákveðið að Alvotech væri staðsett í Vísindagörðum Háskóla Íslands í Vatnsmýri. „Í kjölfarið hefur heildarfjárfesting í Alvotech á Íslandi verið yfir 100 milljarðar eða sem nemur einum og hálfum nýjum Landspítala sem er stærsta fjárfesting íslenska ríkisins á síðustu árum,“ segir hann.

„Við reiknum með að Alvotech verði ein af lykilstoðunum í galddeyrisöflun Íslands þegar fram líða stundir og að Alvotech verði einn af stærri vinnustöðum landsins og án efa einn stærsti skattgreiðandi á Íslandi,“ segir hann.

Róbert segir aðspurður að Aztiq fái ákveðna umbun fyrir að reka hið nýkeypta félag. Það sé í samræmi við það sem gerist hjá öðrum sjóðum sem annist fjárfestingar eins og á við í þessu tilviki. Mikill vilji sé til að halda samstarfinu áfram af beggja hálfu að þremur árum liðnum.

**Hvernig sérðu Aztiq þróast á næstu árum?**

„Eignirnar sem við höfum fjárfest í núna eru mjög spennandi og geta skilað góðri ávöxtun á næstu árum.“

Okkar áherslur eru því að halda áfram að styrkja rekstur þeirra fyrirtækja sem við erum fjárfestar í enn frekar næstu árin.

Ég sé fyrir mér að við mögulega stækkum Aztiq sem fjárfestingafélag þegar fram líða stundir en í dag er áherslan á að tryggja að okkar eignir skili fjárfestum góðri ávöxtun.“

Róbert segir að Aztiq hafi aukið hlut sinn í Lotus og Adalvo. „Sennilega er þetta ein af stóru fjárfestingum okkar á næstu misserunum. Við



Ég sé fyrir mér að við mögulega stækkum Aztiq sem fjárfestingafélag þegar fram líða stundir en í dag er áherslan á að tryggja að okkar eignir skili fjárfestum góðri ávöxtun.

viljum ekki færast of mikið í fang,“ segir hann og nefnir að Alvotech sé á spennandi tímamótum.

„Aztiq styður mikið við rekstur Alvotech – þar sem ég er starfandi stjórnarformaður – og mun gera áfram næstu misseri. Við höfum jafnframt uppbyggingu á Almatica í Bandaríkjunum árið 2017. Almatica þróa, framleiðir og selur betrumbætt lyf sem tengjast þunglyndi, kvíða og öðrum geðröskunum. Við erum komin með fyrstu lyfin á markað í Bandaríkjunum og því eru mjög spennandi tímar fram undan hjá félaginu næstu árin.“

Meðal annars til að styðja við uppbyggingu á sölu og markaðsstarfi Almatica og efla enn frekari þróunarstarfið var hlutfé Alvogen í Bandaríkjunum aukið fyrir á árinu um rúm 17 prósent eða um rúma tíu milljarða. Aztiq tók alla þá aukningu enda eru mjög spennandi tímar fram undan hjá félaginu. ■



Optical Studio  
SMÁRALIND • HAFNARTORG • LEIFSTÓÐ • KEFLAVÍK

FENDI

ROMA



MIÐVIKUDAG - MÁNUDAGS

HEFST Í DAG

TAXFREE

ALLAR VÖRUR Á TAXFREE TILBOÐI\*

\* Taxfree tilboðið gildir af öllum vörum, nema frá IITTALA, BITZ, SKOVBY og sérpöntunum.

Afsláttur jafngildir 19,35% afslætti. Gildir ekki sem viðbótarafsláttur af áður niðursettum verðum.

Að sjálfsgöðu fær ríkissjóður virðisaukaskatt af söluverði. Afslátturinn er alfarið á kostnað Húsgagnahallarinnar.



Sendum frítt með Póstinum í póstbox, pakkaport og DROPP ef keyptar eru smávörur fyrir 4.900 kr. eða meira.



Reykjavík 11 – 18 virka daga  
Bíldshöfði 20 11 – 17 laugardaga  
13 – 17 sunnudaga

Akureyri 11 – 18 virka daga  
Dalsbraut 1 11 – 16 laugardaga

Ísafjörður 11 – 18 virka daga  
Skeiði 1 11 – 16 laugardaga

www.husgagnahollin.is  
558 1100

HÚSGAGNA  
HÖLLIN



Friðrik Már Þorsteinsson stofnaði Northcoast Seafoods árið 2000, skömmu eftir útskrift úr Háskólanum á Akureyri. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

## Byggði upp félag sem veltir 25 milljörðum

magdalena@frettabladid.is

Friðrik Már Þorsteinsson, stofnandi og eigandi Northcoast Seafoods, segir að lykkillinn að velgengi fyrirtækisins sé að velja rétta fólk í kringum sig. Northcoast Seafoods veltir um 25 milljörðum króna á ári og flytur út 50 prósent af allri rækju sem er skelflett hér á landi. Fyrirtækið er stærsti innflutningsaðili á frosnum skelfiski á smásölumarkaði í Bretlandi. Friðrik lærði sjávarútvegsfræði við Háskólann á Akureyri og útskrifaðist með B.Sc. Honors í sjávarútvegsfræði árið 1998. Lokaverkefni Friðriks sneri að markaðsstöðu skelflettrar kaldsjávarrækju.

„Þannig var að ég hafði unnið við fiskvinnslu og stundað sjómennsku síðan ég var unglingur. Þegar svo kom að lokaverkefnisvalinu vildi ég taka mér eitthvað fyrir hendur sem ég vissi litit um. Ég hafði aldrei unnið við né veitt rækju og þegar mér bauðst að gera lokaverkefni fyrir Iceland Seafood um annað hvort markaðssetningu síldar eða rækju þá valdi ég rækju. Það var almennt séð lítill áhugi hjá mönnum á þessum tíma á að vera að eyða of miklum tíma í markaðspælingar á kaldsjávarrækju og í því sá ég tækifæri,“ segir Friðrik og bætir við að eftir námið hafi hann flutt til Hull og hafið störf hjá sjávarútvegsfyrirtæki við að greina markaðssetningu á kaldsjávarrækju.

„Fyrirtækið sem ég starfaði hjá varð gjaldþrota fimm mánuðum eftir að ég hóf störf hjá því og í kjölfarið ákvað ég að stofna mitt eigið. Ég stofnaði fyrirtækið í lok árs 2000 í samstarfi við Kangamiut Seafood

”

Í dag flytjum við út um 50 prósent af allri pillaðri rækju frá Íslandi.

í Danmörku. Ég var lengi vel eini starfsmaðurinn fyrir utan Karen, eiginkonu mína, sem sá um bókhaldið til að byrja með. Árið 2006 sameinuðum við svo alla rækjusölu Kangamiut undir Northcoast Seafoods Denmark. Á svipuðum tíma fór ég að ráða starfsfólk til að sjá um hvítfisksölu.“

Hann bætir við að upp úr 2012 hafi fyrirtækið farið að skipta beint við stóru matvörukeðjurnar og þá hafi vöxtur fyrirtækisins tekið kipp.

„Árið 2018 kaupum við síðan þökkunarstöð í Grimsby og förum í okkar eigin vinnslu. Í dag flytjum við út um 50 prósent af allri pillaðri rækju frá Íslandi. Veltan hefur vaxið þétt og var um 142 milljónir punda í fyrra.“

Friðrik segir jafnframt að á síðasta ári hafi hann og konan keypt hlut í Kangamiut þannig að nú eigi þau 100 prósent hlut í Northcoast Seafoods. Í dag eru þau með 150 manns í vinnu og með þökkun og vinnslu í Grimsby. ■



„Netverslanir eru gott dæmi um geira sem hefur farið úr stafvæðingu yfir í snjallvæðingu,“ segir Brynjólfur Borgar Jónsson. „Með því að sérsníða upplifun að hverjum og einum notanda á grundvelli gagna.“ MYND/ADSEND

## Fyrirtæki og stofnanir þurfi að ráðast í aðgerðir

Framkvæmdastjóri DataLab segir að á Íslandi eigi sér nú stað sama þróun og verið hefur erlendis hvað varðar stafvæðingu og snjallvæðingu. Þau fyrirtæki sem vilji taka þátt í þessari þróun verði að hafa hraðar hendur sökum örtra tæknibreytinga.

magdalena@frettabladid.is

Brynjólfur Borgar Jónsson, framkvæmdastjóri hjá DataLab, segir að stafvæðing (e. digitalization) og snjallvæðing sé vegferð sem öll fyrirtæki og stofnanir verði að ráðast í fyrr eða síðar.

„Þetta snýst ekki um að vera sprotafyrirtæki eða ungt fyrirtæki. Þetta snýst um rétta hugarfarið og að búa yfir ákveðinni aðlögunarhæfni. Fyrirtæki og stofnanir þurfa að hafa hraðar hendur og aðlagast sig sem fyrst breyttu umhverfi. Það er nauðsynlegt þar sem umhverfið er að breytast mjög hratt sökum tæknibreytinga og allir þeir sem ætla að vera með í leiknum eftir tíu ár þurfa bara að átta sig á möguleikum tækninnar og ráðast síðan í aðgerðir.“

Hann segir jafnframt að þróunin sé þegar byrjuð hér á landi.

„Það sem er að gerast hér á landi um þessar mundir er að íslensk fyrirtæki og stofnanir eru að leggja af stað í sömu vegferð og erlend fyrirtæki hafa gengið í gegnum. Það ferli snýst um að fjárfesta talsvert í stafrænum innviðum með því að stafvæða,“ segir Brynjólfur og bætir við að stafvæðingin hafi staðið yfir í um tvo áratugi.

„Það sem gerist í stafvæðingunni er að gögnin safnast upp og á einhverjum tímupunkti þá áttarðu þig á því að þú getur notað gögnin til að gera enn betur og í því felst svokölluð snjallvæðing sem er undirstaða samkeppnishæfni á komandi árum.“

Hægt er að nýta gögnin í alls kyns lausnum, meðal annars til að sérsníða notandaupplifun viðskiptavina og spá fyrir um ýmsa hegðun, draga úr sóun og óvissu, minnka áhættu, fá nýja innsýn og í raun styðja við ný og gagnadrifin viðskiptamódel. Þetta eru fá dæmi um hvernig má nýta gögn sem safnast saman á stafrænum innviðum.“

Hann bætir við að við eigum eftir

### Ný löggjöf væntanleg

Brynjólfur segir að von sé á nýrri löggjöf og árið 2023 muni gervigreindarlöggjöf lita dagsins ljós.

„Árið 2018 var GDPR-löggjöfin innleidd en hún snerist um það hvernig mætti safna og vinna með persónugreinanleg gögn. Næst á dagskrá, líklega árið 2023, verður innleidd sambærileg löggjöf sem nefnist AI act, eða gervigreindarlöggjöfin, og hún mun skilgreina hvernig nýta megi gervigreindartækni eða eins og við köllum það gagnadrifnar og snjallar lausnir,“ segir Brynjólfur og bætir við að með þeirri löggjöf verði betur skilgreint hvað megi og hvað megi ekki gera.

„Markmiðið með þessum regluverkem er að verja borgarana gagnvart misnotkun á því hvernig tækninni er beitt. Því það er hægt að nýta þessa tækni gegn fólki eins og við höfum séð í gegnum tíðina. Til dæmis eins og upp hafa komið tilfelli á Facebook þar sem fólk var hvatt til að mæta ekki á kjörstað og fólkskum upplýsingum viljandi haldið að því. Einnig má nefna notkun eftirlitsmyndavéla með andlitsgreiningartækni sem hefur verið afar umdeild. Þessi nýja löggjöf mun koma til með að skilgreina betur hvað má gera og hvað má ekki gera.“

”

Þetta snýst um rétta hugarfarið og að búa yfir ákveðinni aðlögunarhæfni.



Brynjólfur Borgar Jónsson, framkvæmdastjóri DataLab

að sjá meiri stafvæðingu og snjallvæðingu á komandi misserum.

„Við eigum eftir að sjá meiri stafvæðingu til dæmis í tengslum við innleiðingu 5G. Sem dæmi um snjallvæðingu má nefna Spotify en það fyrirtæki bjó til sinn platform, þar sem það að hlusta á tónlist var stafvætt, en þeir létu ekki staðar numið þar heldur notuðu gögnin til að búa til sérsníðna playlista fyrir fólk. Þeir ákváðu að snjallvæða sína þjónustu til að gera notendur enn ánægðari.“

Snjallvæðing er grundvöllurinn í samkeppnishæfni efnisveita. Þær sérsníða þjónustu sína að þörfum neytenda,“ segir Brynjólfur og bætir við að það sama gildi um netverslun.

„Netverslanir eru gott dæmi um geira sem hefur farið úr stafvæðingu yfir í snjallvæðingu. Með því að sérsníða upplifun að hverjum og einum notanda á grundvelli gagna með því að bjóða honum upp á vörur og þjónustu í takt við hans þarfir hverju sinni. Síðan bjóða þær oft góðum viðskiptavinum afslátt eða auka þjónustu á borð við frjá heimsendingu eða eitthvað slíkt.“

Hann segir jafnframt að í kjölfar Covid hafi verið gefið verulega í hvað varðar fjárfestingar í stafrænum innviðum.

„Við sáum í Covid að þá spruttu upp ýmsar netverslanir og stafrænar þjónustulausnir og svo hefur island.is farið í þá vegferð að stafvæða þjónustu íslenska ríkisins og næsta skrefið er að nota gögnin til að gera enn betur.“

Ég sé líka fyrir mér að opinberar stofnanir muni hagnýta gögnin í meiri mæli í komandi framtíð til að þær geti sinnt hlutverki sínu betur og veitt betri þjónustu. Dæmi um það er til dæmis að sjálfvirknivæða eftirlit sem þær eiga að sinna og spá fyrir um þróun til að hægt sé að grípa inn í áður en það er orðið of seint.“ ■



### FJÁRFESTING Í SJÓÐUM ER GÓÐUR VALKOSTUR

TIL AÐ ÁVAXTA PENINGA TIL SKEMMRI OG LENGRI TÍMA



ÍSLENSK VERÐBRÉF

Kynntu þér árangur og úrval  
í sjóða á [WWW.IV.IS](http://WWW.IV.IS)

— síðan 1987 —

## VILDARKORT LINDAR:

# 30% AFSLÁTTUR



HJÁ EFTIRFARANDI FYRIRTÆKJUM:



DORMA



VÍDD



### DÆMISÖGUR FRÁ VIÐSKIPTAVINUM

Jón og Gunna eru ungt par sem keypti sína fyrstu íbúð nýlega. Íbúðin þarfnaðist viðhalds og þau vantaði ný húsgögn, rúm og gardínur.

Þau máluðu í búðina, skiptu um gólfefni, tóku baðherbergið í gegn og skiptu um blöndunartæki

Þar sem þau voru í viðskiptum við Lind fasteignasölu fékkst **30% afsláttur** af öllu því sem þau vanhagaði um.

Með vildarkortinu spöruðu þau sér: **687.368 kr.**

Jónína, kona á besta aldri, keypti sér nýja íbúð. Í hana vantaði öll ljós, parket og gardínur og sófinn sem hún átti var of stór þar sem hún var að minnka við sig.

Hún keypti það sem hana vantaði, viðarparket, fallegar gardínur og screen, borðstofuborð, stóla og sófa.

Þar sem hún var í viðskiptum við Lind fasteignasölu og nýtti sér **vildarkortið**, sparaði hún umtalsverða fjárhæð.

Með vildarkortinu spöruðu hún sér: **458.978 kr.**

Borgþór og Aníta eru hjón um fimmtugt. Þau keyptu sér gamalt einbýlishús sem þarfnaðist yfirhalningar.

Þau tóku húsið meira og minna í gegn, skiptu um öll gólfefni, endurnýjuðu tvö baðherbergi ásamt því að sparsla og mála allt húsið. Þau settu granítborðplötur í eldhúsið og annað baðherbergið, skiptu svo út öllum gardínum og keyptu sér að lokum nýtt rafmagnsrúm í versluninni Beta bak.

Með vildarkortinu spöruðu þau sér: **1.442.500 kr.**

## Markaðsaðstæður á fasteignamarkaði í dag eru óvenjulegar

Það hafa aldrei verið færri eignir til sölu, sérstaklega þar sem fólk finnur ekki réttu eignina áður en það setur sína eigin á sölu. Það eru nokkrar leiðir færar til að leysa þessi mál sem við getum kynnt fyrir þér.

➤ **Settu heimilið þitt á sölu hjá okkur og við finnum nýtt heimili handa þér áður en þú selur.**

Við kíkjum í heimsókn, gerum verðmat ásamt lýsingu á eigninni. Jafnframt mætum við með atvinnuljósmyndara og gerum allt klárt. Þegar draumaeignin kemur setjum við allt á fullt og hjálpum þér við kaupin á nýju heimili.

➤ **Ef við finnum ekki nýtt heimili, né seljum það gamla, tökum við enga þóknun fyrir.**

Skráðu eignina eða fáðu tilboð í þjónustu og lausnir á [www.fastlind.is](http://www.fastlind.is)



Á Lind fasteignasölu starfa yfir **30 löggiltir fasteignasalar** með áratuga reynslu á öllum aldri, allt **frá 25 ára til 66 ára** og jafnt kynjahlutfall tryggir það að allir ættu að geta fundið fasteignasala við sitt hæfi.

- Húsgagnahöllin:** 30% afsláttur af öllum vörum.
- Betra bak:** 30% afsláttur af öllum vörum.
- Dorma:** 30% afsláttur af öllum vörum.
- Flügger:** 30% afsláttur af allri innimálningu.
- S. Helgason:** 30% afsláttur af öllum borðplötum.
- Parki:** 30% afsláttur af öllum vörum nema innréttingum.
- Z brautir og gluggatjöld:** 30% afsláttur af öllum vörum.
- Vídd:** 30% afsláttur af öllum vörum.
- Húsasmiðjan:** 30% afsláttur af hreinlætistækjum og ljósum.
- ATH!** Afslátturinn gildir ekki á útsölum.



# LIND

## FASTEIGNASALA

Bæjarlind 4  
Sími: 510 7900  
[www.fastlind.is](http://www.fastlind.is)

## Ísbíllinn hagnast um 28 milljónir

helgivifill@frettabladid.is

Ísbíllinn, sem keyrir um landið og selur ís, hagnaðist um 28 milljónir árið 2020 samanborið við tólf milljónir árið áður. Tekjur jukust um 48 prósent á milli ára og námu 299 milljónum í fyrra.

Arðsemi eiginfjár á síðasta ári var 69 prósent. Eigið fé fyrirtækisins var 55 milljónir króna og eiginfjárlutfallið 46 prósent. Fyrirtækið, sem hóf starfsemi árið 1994, er að fullu í eigu Ásgeirs Baldurssonar. ■



Ásgeir Baldursson, framkvæmdastjóri Ísbíllsins. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

Þú færð okkar besta verð á tm.is



Hugsum í framtíð

TM



„Við verðum vör við aukna samkeppni frá erlendum aðilum,“ segir Sigríður Theodóra Pétursdóttir, aðstoðarframkvæmdastjóri Brandenburg.

FRÉTTABLAÐIÐ/  
EYÞÓR

## Vill helst týnast í París

## Svipmynd

Sigríður Theodóra Pétursdóttir

**Nám:** BA-próf í íslensku og MA-gráða í markaðsfræði og alþjóðaviðskiptum frá Háskóla Íslands. Sérhæft meistaraþróf í markaðslegri stjórnun og samskiptum frá Toulouse Business School.

**Störf:** Airbus A350 samskiptateymi 2013. Viðskiptastjóri á Brandenburg 2014–2019. Aðstoðarframkvæmdastjóri Brandenburgar frá 2020. Sit í stjórn SÍA (Samband íslenskra auglýsingastofa) og ÍMARK.

Sigríður Theodóra Pétursdóttir, aðstoðarframkvæmdastjóri Brandenburgar, segir fátt skemmtilegra en að fara til Parísar með engin önnur plön en að ganga um göturnar og njóta, setjast á einhver kaffihús og helst týnast þannig að maður uppgötví nýjar götur og hverfi.

**Hvernig er morgunrútinan þín?**

Í myrkrinu sem er núna gefst ekki mikill tími til að vera með rútinu fyrir vinnu þar sem rúmið og sængin heilla oft mikið á morgnana. Rútinan er því kapp við klukkuna um að vera tilbúin fyrir vinnu á sem skemmstum tíma.

**Hvada áskoranir eru fram undan?**

Auglýsingastofur vinna á síbreytilegum markaði og það eru stöðugar áskoranir.

Út frá auglýsingamarkaðnum lýtur ein helsta áskorunin að því

hvert birtingar á auglýsingum stefna og fagmennska þeim tengd. Sum fjölmiðlafyrirtæki eru að draga sig út úr almennum mælingum sem gera kaupendum auglýsinga erfiðara fyrir að hámarka birtingarfé, vinna út frá góðum gögnum og tryggja að auglýsingar birtist á réttum stöðum fyrir markhópinn. Þetta er mjög mikilvægt, fyrirtæki og fjölmiðlar verða að átta sig á mikilvægi samræmdra mælinga hjá miðlum til að tryggja fagmennsku tengda birtingum. Alls staðar erlendis er þróunin í átt að meiri gögnum og upplýsingum. Þangað viljum við stefna.

Önnur stór áskorun er að mikið er um að fyrirtæki vilji fara í svokallað „pitch“ án þess að greiða fyrir það. Verðmætasta auðlind auglýsingastofa er hugvitið og það á ekki að vera gefins. Við þurfum að átta okkur á virði góðra hugmynda því þær skila árangri.

Brandenburg var valin auglýsingastofa ársins nýlega í fjórða skipti. Það var sérstaklega ánægjulegt að við mældumst hæst í öllum þáttum sem lágu að matinu. Það er mikil áskorun að viðhalda velgengninni og vera leiðandi á íslenskum auglýsingamarkaði. Líður í því hjá okkur er aukin áhersla á ráðgjöf, stefnumótun og vörumerkjastrategíu. Við verðum vör við aukna samkeppni frá erlendum aðilum en við vitum að íslenskar auglýsingastofur búa yfir mikilli þekkingu og reynslu sem íslensk fyrirtæki verða að nýta. Það er alltaf áskorun að sýna viðskiptavinum okkar virðisaukann í því að vinna með okkur og fjárfesta

”

Verðmætasta auðlind auglýsingastofa er hugvitið og það á ekki að vera gefins.

í markaðsmálum og uppbyggingu vörumerkja til langs tíma.

**Ef þú þyrfti að velja annan starfsframa, hvað yrði fyrir valinu?**

Þegar stórt er spurt. Það var aldrei á planinu í námi að vinna á auglýsingastofu heldur lá leiðin í starf tengt flugi. Lífið leiðir mann hins vegar oft á brautina sem maður nýtur sín á og mér finnst ég vera heppin að vinna í svona fjölbreyttum og skemmtilegum geira. En ef ég þyrfti að leita annað þá heillar flugbransinn alltaf og fyrirtæki tengd því.

**Hver er þín uppáhaldsborg?**

Ég hef verið mikið í Frakklandi, bæði í fríum og var þar í framhaldsnámi. Þjó í Toulouse sem er yndisleg borg að búa í. En uppáhaldsborgin er París. Er alltaf jafn skemmtileg, hvort sem þú ert með einhverjum eða ein. Þegar maður vinnur í miklu áreiti er fátt skemmtilegra en að fara til Parísar með engin önnur plön en að ganga um göturnar og njóta, setjast á einhver kaffihús og helst týnast þannig að maður uppgötví nýjar götur og hverfi. ■



Tekjur minnkuðu um 21 prósent.

## Hreyfill tapaði 57 milljónum

helgivifill@frettabladid.is

Leigubílastöðin Hreyfill tapaði 57 milljónum árið 2020 samanborið við tveggja milljóna króna tap árið áður. Tekjur samstæðunnar drögust saman um 21 prósent á milli ára og námu 417 milljónum króna.

Fram kemur í ársreikningi að Covid-19 hafi haft mikil áhrif á reksturinn á liðnu ári. Samdráttur í tekjum megi rekja til afsláttar til félagsmanna vegna minni umsvifa félagsmanna og minni aksturs. ■

## Nýskráningar gætu orðið fleiri en í ár

helgivifill@frettabladid.is

„Við erum bjartsýn, skráningarhorfur fyrir næstu misseri eru góðar,“ segir Magnús Harðarson, forstjóri Nasdaq Iceland. „Aukinn áhugi fjárfesta á markaðnum, ekki síst almennings, hefur sýnt fyrirtækjum mjög vel þau tækifæri sem markaðurinn hefur upp á bjóða til fjármögnunar og vaxtar, þar sem öll útboð síðasta árs verða að teljast afar vel heppnuð. Þetta hefur endurspeglast í áhuga fyrirtækja af öllum stærðum og gerðum á skráningu. Áhuginn hefur ekki verið meiri síðastliðin 20 ár. Það stefnir því í spennandi 2022 og nýskráningar gætu hæglega orðið fleiri en í ár.“

Íslandsbanki og Síldarvinnslan voru skráð á Aðalmarkað í ár og Play og Solid Clouds var fleytt á First North-hliðarmarkaðinn í ár.

Fram hefur komið í fjölmiðlum að Ölgerðin horfi til skráningar á næsta ári og Arctic Adventures á næstu 18 mánuðum. ■

”

Áhuginn hefur ekki verið meiri síðastliðin 20 ár. Það stefnir því í spennandi 2022.



Magnús Harðarson, forstjóri Nasdaq Iceland.




# Lyfjaval Apótek

Bílaapótekið Hæðasmára

Þú færð líka gjafaöskjur  
í bílalúgunni  
- einfalt, fljótlegt og þægilegt

Renndu við



Dömu og herra  
snyrtivörur  
beint í bílinn



Bílaapótekið Hæðasmára **Opið 10 – 23 alla daga**

Þú finnur apótek Lyfjaval í Mjódd, bílaapótek Hæðasmára og í Apóteki Suðurnesja

Lyfjaval Mjódd

Opið virka daga 08.45 – 18.15  
Laugardaga 12.00 – 16.00

Lyfjaval Hæðasmára Bílaapótek

Opið alla daga 10.00 – 23.00

Apótek Suðurnesja

Opið virka daga 09.00 – 19.00  
Laugardaga 12.00 – 16.00

# Pönk eða prest



Adalheiður Amundadóttir  
adalheidur@frettabladid.is

**L**engi hefur verið talið að félagskapur geti skilið milli feigs og ófeigs. Þannig sé það vís leið til glötunar fyrir börn og ungmenni að lenda í vondum félagskap.

Á unglingsárum undirritaðrar voru það einkum og sér í lagi svartklæddir leðurtöffarar sem taldir voru varða veg barna og unglunga til glötunar. Sjálfur solumaður dauðans birtist börnum sem svartur skuggi í síðri leðurkápú í áróðursauglýsingum um fíkniefnalaust Ísland. Áhyggjufullar mæður brýndu fyrir börnum sínum að verða ekki á vegi slíkra vera, sem ýmist voru kallaðar pönkarar eða döpistar, oftast án ítarlegrar rannsóknar.

Þessir fordómar eru ekki sérslenskt fyrirbæri en á áttunda og níunda áratugnum gekk yfir bylgja ótta við djöfladýrkun. Morðrannsóknir gengu út á að finna tengsl við slík trúarbrögð og aðra andfélagslega og anarkíska hegðun og voru saklausir unglingar bæði hér á Íslandi og annars staðar í heiminum dæmdir fyrir slík morð.

Það er verðugt rannsóknarefni fyrir félags- og mannfræðinga að skoða hvernig fordómar af þessu tagi verða til, því á sama tíma og viðvaranir við leðurfólki voru sem háværastar voru börn hvött sérstaklega til þátttöku í kirkjustarfi og samneysis við presta, og til íþróttastarfs, sem lengi hefur verið talin ein albesta leiðin til farsællar barnæsku.

Ekki þarf að fjölyrða um ógeðslegar uppljóstranir undanfarinna ára af meðferð presta á börnum og löngu ljóst að um alþjóðlega plágu er að ræða. Síðast í gær lýsti Þólfur í Hjalteyrarmálinu þeirri skoðun að draga þyrfti presta til ábyrgðar vegna sinna þjáninga.

Þá hafa menn, sem treyst hefur verið fyrir ungu íþróttafólki, verið dregnir til ábyrgðar fyrir hroðalega glæpi gegn skjólstæðingum sínum. Nægir að nefna frægan fimleikabjálfa í Bandaríkjunum og íslenskan bocciabjálfa sem dæmdur var í margra ára fangelsi fyrir ítrekaðar nauðganir.

Nýbirtar lýsingar á samskiptum framámanna innan íslensku íþróttahreyfingarinnar minna einna helst á dramatíska fréttaskýringu úr undirheiminum, þar sem skiptast á lýsingar á ofbeldisverkum og valdabaráttu glæpaklíka. Þótt flestum kunni að þykja of djúpt í árinna tekið að halda því fram að þátttaka í íþróttastarfi sé börnum beinlínis hættuleg, þarf hreyfingin sannarlega að hafa í huga hvað hún er með í höndunum. Orðsporid er viðkvæmt. Líkt og börnin, á íþróttahreyfingin nú valið og spurningin er aðeins hvora fyrirmyndina hún kys, pönkarann eða prestinn. ■

”  
Líkt og börnin, á íþróttahreyfingin nú valið og spurningin er aðeins hvora fyrirmyndina hún kys, pönkarann eða prestinn.

## ■ Halldór



## ■ Frá degi til dags

arib@frettabladid.is

### Almannabrengr

Það voru fleiri en fyrrverandi formenn KSÍ sem fengu rassskellingu í skýrslu úttektarnefndar ÍSÍ, almannatenglar fengu rækilega á baukinn. Eins og hefur sést á blaðamannafundum KSÍ og viðtölum í haust hefur almannatenglum ekki tekist að aðstoða neinn þar innandyra við að ræða mál af hreinskilni. Fyrrverandi formaður hefur einnig litið lært í almannatengslum af klúðri sínu í Kastljósi því hann mundi eftir að senda yfirlýsingu sína í gær á Eyjan.is, sem fjallar um stjórnsmál, en gleymdi að senda hana á Fótbolti.net, sem fjallar eingöngu um fótboltaheiminn.

### Neyslukallinn

Landsbjörg þarf nú að fara að hugsa sinn gang þegar kemur að fjárföllum. Nú á að skrúfa fyrir alla peningana sem koma frá spilafíklum í gegnum spilakassana. Þá eru fúllir embættismenn, sem hata að almenn-ingur skemmti sér, á hraðri leið með að láta banna flugelda. Sama lið ætlar að kæfa mentólsígarettusöluna í fæðingu. Ef björgunarsveitin ætlar að vera á undan bylgjunni þarf hún að huga að því sem á að lögleiða. Styttist í að í anddyrinu á öllum viðburðum verði tveir björgunarsveitarmenn, annar með neyðarkall og hinn með neysluskammta. ■

## Biðin eftir réttlætinu



Gísli Rafn Ólafsson  
þingmaður Pírata

Þegar ég ákvað að stíga inn á stjórnsmálasviðið í vor tók ég ákvörðun um að mitt fyrsta verk yrði að berjast fyrir þólfur kynferðisofbeldis. Á undanföllum árum höfum við heyrt átakanlegar sögur af ofbeldinu sem fólk hefur orðið fyrir, bið þess eftir réttlæti og vonbrigðunum þegar réttarkerfið hefur brugðist því. Við í fjölskyldunni minni þekkjum þessi mál af sársaukafullri eigin raun. Við þekkjum það hvernig kerfin okkar bregðast og baráttu þólfur fyrir breytingum.

„Mér var nauðgað“ eru þrjú orð sem ekkert foreldri er búið undir að heyra 14 ára barn sitt segja í gegnum tærin. Klukkutímum síðar, eftir að hafa tilkynnt brotið og gefið fyrstu skýrslu, óraði okkur foreldrana aldrei fyrir því hvað biðin eftir réttlætinu yrði löng.

Rúmu ári eftir skýrslutökuna barst málið fyrst til saksóknara – og það var ekki fyrr en fimm árum frá upphafi málsins sem maðurinn var loksins dæmdur fyrir brot sitt, að brjóta gegn barni. Á þeim tíma kom í ljós að dóttir okkar var ekki sú eina sem hann hafði brotið á, heldur voru brotin að minnsta kosti níu talsins, flest framin á þeim fimm árum sem dóttir okkar beið eftir réttlætinu.

Þetta er þó ekki saga allra þólfur, enda bendir allt til þess að mikill meirihluti gerenda sæti aldrei ábyrgð fyrir brot sín. Fyrir vikið bera þólfur ekki fullt traust til lögreglu og dómstóla til að leiða mál þeirra til lykta með sanngjörnum hætti. Þessu vil ég breyta.

Það er mér því mikill heiður að mæla fyrir slíkum breytingum á Alþingi í dag, þingsályktunartillögu í sjó liðum sem miðar að því að efla meðferð kynferðisbrota í réttarkerfinu, vinna gegn kynferðisbrotum og efla stuðning við þólfur þeirra.

Flutningsmenn tillögunnar eru 13 talsins úr fimm flokkum, bæði úr stjórn og stjórnarandstöðu, og ánægjulegt að sjá að úrbætur í jafn mikilvægum málaflokki skuli njóta þverpólitísku stuðnings. Það er von mín að þessi samstaða tryggi að þólfur ofbeldis og fjölskyldur þeirra þurfi ekki að biða eftir réttlætinu. ■

”  
Klukkutímum síðar, eftir að hafa tilkynnt brotið og gefið fyrstu skýrslu, óraði okkur foreldrana aldrei fyrir því hvað biðin eftir réttlætinu yrði löng.

**Jólin og áramótin eru komin í Partybúðina!**

**PARTYBÚÐIN**

Faxafeni 11 • Sími 534 0534 • partybudin.is



FORLAGIÐ

Alltaf opið á [www.forlagid.is](http://www.forlagid.is)

MIÐVIKUDAGUR 8. desember 2021



Ungt fólk í dag stoppar styttra við í vinnu en þeir eldri.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

## Ekki stunda vinnuhopp

elin@frettabladid.is


Samkvæmt sérfræðingum ætti fólk sem ræður sig í vinnu ekki að staldra styttra við en eitt ár, jafnvel þótt vinnan sé óspennandi. Vinnuhopp lítur ekki vel út á ferilskránni. Atvinnulífið hefur breyst mikið í heimsfaraldri og margir hafa misst vinnuna. Slíkt er tekið gilt í nýjum ráðningum en venjulega ætti fólk að halda sér í vinnu í að minnsta kosti eitt ár. Annars þarf umsækjandi að útskýra vandlega af hverju hann stoppaði stutt hjá fyrrverandi vinnuveitenda.

Fólk ætti alltaf að sýna faglega skuldbindingu þegar það hefur störf í nýrri vinnu. Á tólf mánuðum öðlast fólk færni og hæfni í starfi. „Á einu ári hafa starfsmenn náð tökum á starfinu og vinnuferli,“ segir Alison Sullivan, yfirmaður fyrirtækjasamskipta hjá Glassdoor í samtali við BBC.

### Meiri hollusta hjá þeim eldri

„Eldri kynslóðir vörðu yfirleitt stórum hluta starfsævinnar hjá einni stofnun,“ útskýrir Jamie Ladge, dósent við Northeastern-háskólann í Boston.

„Yngri kynslóðir hafa þróast frá þeirri hugsun og finnst sjálfsagt að skipta oft um starf sem leið til að klífa metorðastigann. Yngri fólk gerir auk þess auknar kröfur um vellíðan á vinnustað. Sú vitund mun hafa aukist í Covid sérstaklega vegna vitneskju um kulnun og óheilbriggt álag.“ ■



„Ég hugsa samt að engin rúmfatabúð í heiminum sé með þessar þrjár tegundir af lúxusrúmfötum á sama stað,“ segir Björn Þór Heiðdal, eigandi Rúmföt.is. Með honum á myndinni er Hildur Þórðardóttir verslunarstjóri Rúmföt.is.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Einstök verslun með rúmföt

Rúmföt.is, eina sérverslunin með rúmföt á Íslandi, selur yfir 180 tegundir af gæðarúmfötum. Þar má meðal annars finna rúmföt frá bestu og vönduðustu vefurum Ítalíu. **2**



180 tegundir af rúmfötum eru í boði hjá Rúmföt.is

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



Eitthvað fyrir alla hjá Rúmföt.is.

„Nánast öll rúmfötin sem við seljum eru 300 þráða eða meira. Ég vil bara það besta og ég held að við séum með yfir 180 tegundir af gæðarúmfötum. Sem er dálítið mikið, þó ég segi sjálfur frá, en mig langar samt í fleiri,“ segir Björn Þór Heiðdal, eigandi einu sérverslunarinnar með rúmföt á Íslandi.

Og talandi um það besta þá segist Björn hafa pantað alvöru 550 þráða rúmföt til að selja í búðinni. „Þú færð ekki fingerðari bómullarþráð. Virkilega mjúk rúmföt sem ég sef með sjálfur. En ég á enn þá flottari rúmföt úr svokölluðu 900 þráða efni og síðan lét ég sauma fyrir mig rúmföt úr ítölsku 1.400 þráða satíni. En þegar þráðafjöldinn er orðinn svona há er þráðurinn margfaldur. Ég hugsa samt að engin rúmfatabúð í heiminum sé með þessar þrjár tegundir af lúxusrúmfötum á sama stað. Það er enginn svona brjálaður þegar kemur að rúmfötum.“

### Ábreiður hafa fylgt mannkyninu lengi

Einhvers konar ábreiður fyrir svefninn hafa fylgt mannkyninu alla tíð. Til eru heimildir um lök úr silki í Kína 3.000 árum fyrir Krist. Egyptar voru einnig duglegir að vefa og öfu lök úr hör af mikilli list. Á köldum nóttum þegar lökin voru ekki nóg var bætt við teppum úr kamelull. „Áður en flest rúmföt voru ofin úr bómull var hör langmest notaður. Annað orð yfir hör er einmitt lín og er það skýringin á því hvers vegna rúmföt eru kölluð lín, sama hvort þau eru úr bómull, hör eða einhverju öðru.“

Á norðlægari slóðum þurfti meira en bara lök, segir Hildur Þórðardóttir, verslunarstjóri Rúmföt.is. „Skindur voru auðvitað á hverju heimili ofan á rúmum úr heyi. Þá voru til ábreiður úr ull eða hör, því hör var líka ræktaður í norðri. Einstaka höfðingi svaf



Margrét Guðlaugsdóttir hefur saumað í um 60 ár og er ekki hætt.

siðan undir bólstraðri silki-ábreyðu.“

Til eru heimildir um að víkingar hafi sofið í „fjaðrarúmi“, þar sem dúnn og fjaðrir voru saman í lokuðum taupoka. „Það sem við köllum sængur í dag. Sængur sáust hins vegar ekki annars staðar í Evrópu fyrr en á 16. öld og þá einungis hjá þeim allra ríkustu. Rúmföt úr bómull voru sjaldséð sökum þess hversu miklu seinlegra var að vinna hana heldur en hör sem óx líka víða. Það var ekki fyrr en árið 1793 sem tókst að vélvæða vinnsluferlið og fjöldaframleiðsla hófst og rúmföt úr bómull urðu vinsælli. Stórar plantekjur og þrælhalð hjálpuðu líka til.“

### Lengri sængurver en áður

„Við bjóðum upp á mikið úrval af rúmfötum í stærðinni 140 x 220 cm. Fyrst þegar búðin var opnuð áttum við kannski ekki mikið úrval en í dag þöntum við allar gerðir líka í þessari stærð. Þjóðin hefur nefnilega farið stækkandi og



Vandað og fallegt bómullarsatín lifgar upp á svefnherbergið.



Hágæða damask frá Curt Bauer.



Rúmföt.is selur extra löng og tvöföld rúmföt.



300 þráða satín.



Eðalfint 900 þráða satín.

margir hafa beðið okkur um lengri sængurver,“ segir Björn.

Í Bandaríkjunum og víðar tíðkast að sofa með eina stóra sæng og þessi hefð er að smitast yfir til okkar, bætur Hildur við. „Evrópska stærðin sem við bjóðum upp á er 200 x 220 cm. Til eru fleiri stærðir en þessi er algengust. Það er stórkostur við að sofa undir einni sæng, sérstaklega ef annar aðilinn er heitfengur og hinn kulsækinn, þá getur hinn heitfengi hitað iskaldar tær þess kulsækna og báðir sofna fyrr. En það er erfiðara að hjúfra svona stóra sæng upp í hálsakot, svo fólk bara vegur og metur. Sumir sofa með tvíbreiða á sumrin og einbreiða á veturna. Sumir eru með eina einbreiða til hliðar við þá tvíbreiðu, svo sá sem er allt í einu orðinn ber þegar hinn er búinn að vefja sænginni utan um sig, getur þá breitt þá einbreiðu yfir sig.“

Rúmföt.is býður núna upp á gott úrval af dýrindis sængurverum fyrir tvíbreiðar sængur sem Margrét saumakona saumaði, bæði

hvítt damask og damask í lit. „Þá eigum við líka Curt Bauer með breiðum röndum en þau eru mjög vinsæl og margir viðskiptavina okkar elska þau. Svo eigum við auðvitað einlitt satín sem er svo stílhreint og elegant.“

### Ítalskur lúxus

„Við bjóðum upp á rúmföt frá allra bestu og vönduðustu vefurum Ítalíu. Meðal annars erum við með rúmföt frá ítalska merkinu Quagliotti sem vefur dúka og sængurföt fyrir bresku hirðina. Fyrir rúmum fjórtán árum ákvað Hotel Ritz í París að bjóða gestum sínum upp á rúmföt frá Quagliotti, eftir ítarlega leit að bestu rúmfötum í heimi. Mörg flott hótél, eins og The Mark í New York, MGM í Makaó, The Peninsula í Hong Kong, Armani í Milanó, 101 Reykjavík og nýja Blue Lagoon hótelið, bjóða gestum sínum einnig upp á Quagliotti-rúmföt,“ segir Björn.

„Við skiptum líka við aðra ítalska verksmiðju sem er stærri og

hefur útvegað okkur alveg ótrúlega flott satín og silkidamask-efni sem Magga saumakona saumar síðan úr eins og henni er einni lagið. Því miður er Magga bara með tvær hendur og annar ekki eftirspurn. Við höfum því flutt inn tilbúin rúmföt úr sömu efnum beint frá saumastofu á Ítalíu. Ég held að það sé engin önnur búð á Íslandi að selja svona lúxus rúmföt frá Ítalíu. Svo eru þessi rúmföt ódýrari hjá okkur en í útlöndinu.“

Ekki má gleyma lökunum sem Rúmföt.is selur og koma í mörgum stærðum. „Í síðustu viku kom meira að segja útlenskur jóla-sveinn með ný lök í nokkrum klassískum litum frá Litáen. Mjög skemmtileg vara sem passar á 160 cm og 180 cm breið rúm.“ ■

Rúmföt.is eru á Nýbýlavegi 28 í Kópavogi. Sími 565 1025. Skoðið úrvalið á rumfot.is. Opið virka daga frá 12.00 til 18.00 og á laugar-dögum frá 11.00 til 16.00.



# ENDURHEIMTU RAKANN Á METHRAÐA



**24-KLST RAKAGJÖF**  
**FYRIR ALLAR HÚÐGERÐIR Í ÖLLU LOFTSLAGI**

**KIEHL'S FÆST NÚ Í HAGKAUP SMÁRALIND OG HAGKAUP KRINGLU**

Rannsókn á 29 einstaklingum sýnir 55% hraðari árangur.  
Niðurstöður rannsóknar á 25 notendum kremsins versus ekki notendum við mismunandi veðurskilyrði, hita, þurrk, kulda og venjulegt veðurfar.

# Mjólkurþistill gerir lífið léttara um jólin

Hrafnhildur Hákonardóttir hefur tekið Mjólkurþistil frá ICEHERBS um árabíl og segir bætiefnið vera daglegan gleðigjafa. Mjólkurþistillinn er þekktur fyrir hreinsandi áhrif og það veitir svo sannarlega ekkert af því yfir hátíðarnar.

Hrafnhildur hefur þjást af slitgigt síðastliðin sex ár og segir mjólkurþistilinn hafi bætt líðan sína til muna. Hún tekur líka D-vítamín, Magnesium með fjallagrös, Astaxanthin og stundum fjalla-grös, allt frá ICEHERBS.

„Það er nú kannski svolítið þjatt að hjá mér, en ég heillaðist fyrst af þakkingunum en er nú aðallega hrifin af þeim því bætiefnin frá ICEHERBS eru náttúruleg og hrein. Allar upplýsingar eru á íslensku og boxin fara vel í eldhússkúffunni og ofan í mig. Það er auðvelt að finna þessi vítamín í hillunum í apótekum og verslunum og ég veit hvað þau innihalda,“ segir Hrafnhildur.

## Hjálpar lifrinni

„Ég er slæm af slitgigt og finn fyrir verkjum í hálsliðum, baki, höndum og fótum. Ég tek verkjalyf oft á veturna en sumrin því kuldinn fer alls ekki vel í gigtina. Vinur minn mælti með mjólkurþistli með verkjalyfjum því hann hefur hreinsandi virkni á líkamann og hjálpar lifrinni að hreinsa út óæskileg efni. Mjólkurþistillinn hefur gert sitt gagn.“

Ég veit það vegna þess að ég fer á þriggja mánaða fresti í blóðprufu til að mæla lifrargildi innkirtla og annarra kerfa. Ég er enginn unglingur en gildin eru alltaf í góðu lagi.

Ég tek tvö hylki af ICEHERBS Mjólkurþistli á morgnana mjög samviskusamlega og hann fer alltaf með mér í ferðalög.“



Hrafnhildur Hákonardóttir segist finna mikinn mun á sér eftir að hún fór að taka ICEHERBS Mjólkurþistil.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Ómissandi yfir hátíðarnar

Jólin eru alveg að koma með öllum sínum freistingum, reyktu kjöti, konfektum, smákökum, desertum, ís og víni. „Það er erfitt að sniðganga þennan góða mat þó allir viti að allt þetta gúmmulaði sé ekkert sérstaklega gott fyrir kerfið. En það þarf nú stundum að njóta og leyfa sér. Ég hryn nú alveg í það í mat og drykk en þá bæti ég við tveimur hylkjum af mjólkurþistli fyrir svefn. Þetta tryggir betri svefn hjá mér og ég er orkumeiri daginn eftir þar sem líkaminn er ekki að ströggla við allt það sem ég innbyrði daginn áður.“

Í stuttu máli sagt þá liður mér betur í líkamanum þegar mjólkurþistillinn er með mér og ég finn að líkaminn er í betra jafnvægi. Ef mér liður vel í líkamanum þá verður myrkið, kuldinn, stressið og allt annað mun bætilegra.

Ég mæli hiklaust með mjólkurþistli yfir hátíðarnar. Ekki bara fyrir þá sem ætla að gera vel við sig í mat og drykk heldur bara flesta. ICEHERBS Mjólkurþistillinn með íslenskum fjallagrösum hjálpar til við að hreinsa líkamann af umframefnum sem safnast fyrir í lifrinni og líkamanum.“

**Náttúruleg hreinsun**  
ICEHERBS Mjólkurþistillinn inniheldur hreinan mjólkurþistil og íslensk fjallagrös.

Mjólkurþistillinn inniheldur virka efnið sylimarin sem er þekkt fyrir að hafa góð áhrif starfsemi lifrar og nýrna. Efni úr mjólkurþistli á að hjálpa lifrinni við myndum nýrra lifrarfrumna og er þannig náttúruleg hreinsun fyrir lifrina. Þá hefur plantan andoxandi virkni og hjálpar til

**Ég mæli hiklaust með mjólkurþistli yfir hátíðarnar. Ekki bara fyrir þá sem ætla að gera vel við sig í mat og drykk heldur bara flesta.**

við að losa óæskileg efni út úr líkamanum. Sumir nota mjólkurþistilinn þegar þeir hafa neytt áfengis vegna hreinsandi áhrifa hans. Íslensk fjallagrös eru þekkt sem Gingseng Íslands og ekki að ástæðulausu. Þau innihalda betaglúkántrefjar sem eru þekktar fyrir að auka þyngdartap, bæta meltingu og styrkja þarmana. Fjallagrös eru rík af steinefnum, einkum járni og kalsíum, og bera í sér fléttuefni sem hindra óæskilegar bakteríur. Fjallagrös hjálpa til við að draga úr bjúg og er þessi hreinsandi blanda frábær fyrir almenna desembergleði.

## Íslensk og kröftug bætiefni

ICEHERBS framleiðir hrein og náttúruleg bætiefni. Þar er lögð áhersla á að virkni skili sér í réttum blöndum og eiginleikar innihaldsefnanna viðhaldi sér að fullu. Vörurnar eru framleiddar á Íslandi og innihalda engin óþarfa fylliefni. ■

ICEHERBS fæst í öllum betri matvöruverslunum, apótekum og heilsuvöruverslunum og í nýrri vefverslun á iceherbs.is.



# Ekkert nýtt við matarkúra

Það er langt frá því að vera nýtt af nálíni að fólk setji saman matar- eða megrunarkúra sem eiga að bæta heilsuna, efla andann eða undirstrika hreinleika sálarinnar. Slíkir kúrar hafa verið til í þúsundir ára og hafa stundum farið alveg út í vitleysu.

Nú á dögum er til næstum endalaust úrval af alls kyns sérstök mataræði sem er hægt að tileinka sér til að bæta heilsuna. Þetta er ekki einhver ný þróun sem glans-tímarit og útlitsdyrkun færði okkur, heldur á þetta sér mjög langa sögu sem var nýlega tekin saman á fræðsluvefnum The Conversation.

Danielsfastan er dæmi um mjög gamlan matarkúr, en hún á rætur að rekja til Daniélsbókar, sem kom út um 450 árum fyrir Krist. Fastan varir í 10-21 dag og er nokkurs konar grænkerafæði, en í sögunni verða menn Daniéls andlega og líkamlega hraustari afföstunni. Sagan undirstrikar djúpstæð menningarleg tengsl mataræðis við sjálfsmýnd, heilsu og andlegu hlíðina.

Föstur koma reglulega fyrir í ýmsum trúarbrögðum. Þær eru breytilegar og snúast oft um að borða ekki yfir daginn eða að sleppa því að borða dýraafurðir. Í kristni voru til dæmis ákveðin

dagar á hverju ári sem áttu að vera kjötlausir. Það er því ekkert nýtt af fólk tileinki sér öðruvísi neyslvenjur til að sýna guðrækni sína og hreinleika sálarinnar. Fastan til skemmrí tíma virðist líka hafa jákvæð heilsufarsáhrif.

## Löng saga grænmetisfæðis

Föstur í trúarbrögðum ganga mjög oft út á að sleppa dýraafurðum og það sama var uppi á teningnum hjá grænkerahreyfingunni á norðurhluta Englands á 19. öld. Þessi hreyfing gat af sér nýsköpun í matvælaframleiðslu því hún varð til þess að William Kellogg og Sylvester Graham sköpuðu kornflögur og kex sem bera nafn þeirra. Hugmyndin á bak við þessar vörur var að fylgja einföldu og kristilegu mataræði til að efla líkamann, hugann og andann, en fylgjendur hreyfingarinnar tengdu neyslu dýraafurða við syndsamlegt líferni og slæma heilsu.

Þessi grænkerahreyfing snerist fyrst og fremst um heimspökileg viðhorf, en nú á 21. öldinni er aftur ástæða til að ihuga minni neyslu dýraafurða, að þessu sinni til að draga úr kolefnislosuninni sem fylgir kjötframleiðslu.

## Fyrstu megrunarkúrnir

Á 18. öld gerðu fjölmiðlar lítið úr læknum George Cheyne vegna þyngdar hans, en á þeim tíma var algengt að efnaðir Englendingar



Fólk hefur verið að setja saman matar- eða megrunarkúra sem eiga að bæta heilsuna, efla andann eða undirstrika hreinleika sálarinnar í þúsundir ára.

FRÉTTABLAÐIÐ/  
GETTY

borðuðu mjög hitaainingaríkan mat. Cheyne þróaði því sérstakan matarkúr sem gekk út á neyslu á grænmeti og mjólk og innihélt færri hitaainingar. Mataræði hans innihélt mjólk, te, kaffi, brauð, smjör, milda osta, ávexti, hnetur og rötur-áavexti og hann drakk ekkert áfengi nema einstaka glas af síder.

Útfararstjórnin William Banting skrifaði svo um aukakílóin á seinni hluta 19. aldar þegar hann var að reyna að ná stjórni á eigin þyngd. Rit hans, Letters on Corpulence, er almennt talið forveri ýmissa megrunarkúra sem snúast um að takmarka kolvetnaneyslu. Kúrnin hans Banting innihélt reyndar nokkrar tvíbökur á dag og meiri daglega áfengisneyslu en er ráðlögð.

## Langt síðan vitleysan hófst

Í gegnum söguna hafa svo ýmsir störfurðulegir og oft skaðlegir kúrar náð vinsældum. Fyrir um 100 árum var til dæmis í tisku að konur væru mjög mjóar og þá var mikil áhersla á að finna leiðir til að létta sig. Það leiddi til ýmissa óhollra síða, allt frá því að innbyrða bandorma, sem getur leitt til næringarskorts með því að hindra upptöku nauðsynlegra steinefna, til þess að reykja sigarettu í stað þess að næra sig. Tóbaksfyrirtækin gripu þetta á lofti og bættu efnum sem bældu matarlyst í sigarettur til að hvetja fólk til að halda áfram að velja tóbak frekar en næringu, með tilheyrandi heilsutapi.


Svo var það bómullarkúrnin, sem er sagður hafa orðið til hjá

fyrirsætum og er kannski hámark fáránleikans. Hann gengur út á að gleypa bómull, oft eftir að henni hefur verið dýpt í safe, til að fylla magann og eyða hungurtilfinningunni. Þetta er auðvitað algjörlega galið og stórskadlegt. Líkaminn þarf næringu og bómullarhnoðrar í dag eru gerðir úr aflituum pólýestertrefjum sem er skaðlegt að innbyrða.

Á seinni tímum hafa svo óteljandi aðrar útgáfur af mataræði og matar- og megrunarkúrum litið dagsins ljós og notið mismikillar hylki hjá ólíkum hópum. Það er ekki ætlunin að meta gæði þeirra allra hér, en þessar útgáfur eru eins misjafnar og þær eru margar og ólíkt mataræði hentar ólíku fólki misvel. ■

# Ísland og Kína

## 50 ára stjórnarsamstarf



Ísland og Kína hafa unnið saman á sviði efnahags og vöruviðskipta, og hafa einnig tekið höndum saman í orkuöflun, fiskveiðum og heilbrigðismálum.

MYND/UTANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

## Tökum höndum saman og sköpum nýja framtíð

Í dag er sérstakur dagur. Fyrir 50 árum tóku Kína og Ísland upp stjórn málasamband. Þegar horft er til baka hefur samband landanna vaxið með gagnkvæmri virðingu, sameiginlegum hagsmunum og framþróun.



Yang Wen sendifulltrúi hjá Kínverska sendiráðinu á Íslandi

Þessi samvinna hefur sett gott fordæmi fyrir aðrar þjóðir sem búa við ólík kerfi, ólíka sögu og menningu um hvernig megi þróa vinsamleg samskipti ólíkra þjóða.

Á síðustu 50 árum hafa pólitísk samskipti milli Kína og Íslands aukist töluvert. Þó að Kína og Ísland liggja landfræðilega fjarri hvort öðru, er ekki hægt að skera á þau sterku bönd sem liggja á milli þjóðanna beggja og hafa leiðtogar landanna skipst á vinsamlegum og árangursríkum heimsóknum.

Fyrirverandi forseti Kína, Jiang Zemin, og fyrirverandi forsætisráðherra, Wen Jiabao, heimsóttu Ísland og fyrirverandi forsetar Íslands, Vigdís Finnbogadóttir og Ólafur Ragnar Grímsson, og fyrirverandi forsætisráðherrar Íslands, Davíð Oddsson og Jóhanna Sigurðardóttir, sóttu Kína heim. Á undanförunum árum hafa þjóðirnar tvær bæði fagnað saman á góðum stundum og einnig sigrast á erfiðleikum saman. Forsætisráðherra Íslands, Katrín Jakobsdóttir,

sendi kínversku þjóðinni nýárskveðjur vegna kínversku áramótanna árið 2021 og leiðtogar beggja ríkjanna hafa sýnt hvort öðru samstöðu og sameiginlegan baráttuvilja í baráttunni við alheimsfaraldurinn vegna Covid-19.

### Merk tímamót

Í dag á þessum merku tímamótum hafa forsetar landanna, Xi Jinping og Guðni Th. Jóhannesson, og þau Katrín Jakobsdóttir, forsætisráðherra Íslands, Wang Yi, fulltrúi í Ríkisráðinu og utanríkisráðherra Kína, og Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir, utanríkisráðherra Íslands, skipst á heillaóskum vegna tímamótanna með ósk um dýpra samstarf inn í framtíðina.

Á síðustu 50 árum hefur samstarf Kína og Íslands borið rikulegan ávöxt. Ísland var fyrsta Evrópuríkið sem viðurkenndi stöðu markaðshagkerfis Kína, fyrsta Evrópuríkið sem undirritaði gjaldeyrisviðskiptasamkomulag við Kína og fyrsta Evrópuríkið til að undirrita tvíhliða fríverslunarsamning við Kína. Síðan stjórn málasambandi milli ríkjanna tveggja var komið á, og sérstaklega eftir undirritun fríverslunarsamningsins, hafa viðskipti milli landanna vaxið og dafnað.

### Góð samvinna

Löndin tvö hafa unnið saman á sviði efnahags og vöruviðskipta, og

hafa einnig tekið höndum saman í orkuöflun, fiskveiðum og heilbrigðismálum. Íslenskur lax hefur notið síaukinna vinsælda á kínverskum heimilum. Mikil aukning hefur einnig orðið á Íslandi í notkun rafknúinna farartækja frá Kína. Samkvæmt opinberum tölum frá Íslandi var heildarvirði viðskipta milli Kína og Íslands um 238,6 þúsund Bandaríkjadalir árið 1971, en árið 2020 var heildarvirði viðskiptanna um 562,52 milljónir Bandaríkjadala og er aukningin frá 1971 því 2.358-föld.

Samvinnan milli Kína og Íslands á sviði jarðvarma, orkumála og við þróun tæknilegra aðferða við bindingu kolefnis hefur einnig skilað undraverðum árangri. Síðan Sinopec Star Co. Ltd var stofnað árið 2006, en það er samstarfsverkefni milli Arctic Green Energy Corporation og Sinopec Group, hefur umfang starfseminnar aukist ár frá ári og nær nú til 60 mismunandi héraða innan Kína og hefur þar að auki haft mikil áhrif á jarðvarmaíðnað Kína. Samningur milli Jiangsu Sierbang Petrochemical Company og Carbon Cycling International (CRI) sem var undirritaður í september síðastliðnum markar einnig þáttaskil í tvíhliða samvinnu ríkjanna á sviði tæknilausna við bindingu kolefnis og er ætlað að stuðla að dýpri samvinnu ríkjanna á sviði sjálfbærrar þróunar og náttúruverndar. >>

Samvinna ríkjanna á sviði efnahags og viðskipta er einnig sífellt að verða dýpri og viðtækari.



# Kína – óskiljanlegt ef þú skilur



Þorkell Ólafur Árnason formaður Kinversk-íslenska menningarfélagsins

Ég kynntist Kína þegar ég fékk staðfestingu á skiptinámi í háskóla í Guangzhou, viku seinna lærði ég að bera fram nafnið. Viku eftir það fann ég það á korti.

Eins og mörg okkar þekkti ég lítið til Kína, „Made in China“ var frá Kína, rétt eins og djúpsteiktur rækjur og kung fu. Fljótlega eftir að ég var lentur byrjaði lærdómurinn. Ég var í virtum háskóla sem heitir Sun Yat-sen University, Lingnan College. En á kínversku hét hann Zhongshan Daxue, sem þýðir Miðjufjalls-háskólinn, stýtt í Zhong Da, sem er Miðju-Stór, sem væri ágætis lýsing á mér sjálfum líka.

Ég sá að þetta yrði ekki einfalt, en Kínverjar voru alltaf mjög almennilegir við mig og tilbúnir að útskýra hlutina fyrir mér. Það er mjög erfitt fyrir almenna borgara að fá byssuleyfi, það er svo sem allt í lagi. Við þurfum ekki mikið af byssum, enda hættuleg vopn. En þegar ég gekk meðfram Perluánni í mikilli mannþröng var gamall maður að æfa kung fuid sitt með spjóti. Það þótti eðlilegt, enda ekki um hættulegt vopn að ræða,



þrátt fyrir að hermenn vopnaðir spjótum hafi grandað siðmenningu heimsins að miklu leyti.

Durian er dýrasti ávöxturinn í Kína, það er svo vond lykt af honum að hann er bannaður í rútum! Kjúklingabringur þykja

skelfilegur matur, en kjúklingavængir svo góðir að þeir kosta fjórfalt á við bringurnar. Nýja hluti lærði ég á hverjum degi og eftir að ég giftist kínverskri dómu þá fyrst hófst lærdómurinn!

Einn daginn erum við konan

Háskólinn þar sem Þorkell stundaði nám heitir Sun Yat-sen University.

”Eins og mörg okkar þekkti ég lítið til Kína, „Made in China“ var frá Kína, rétt eins og djúpsteiktur rækjur og kung fu.

úti að labba og að venju eru eldri konur á vappi í kringum okkur og klappa saman höndunum á meðan þær labba. Ég þóttist loksins þekkja mitt nýja heimili og sagði að ég hefði heyrt að með því að klappa saman höndunum myndi fólk reka í burtu illa anda, var það þess vegna sem þær gerðu þetta? Svo var ekki, þetta er bara gott fyrir blóðrásina.

Ég fæ aldrei leið á því að læra meira um Kína. Ef þú vilt læra hið óskiljanlega, eða fá kjúklingabringur á spottprís, er Kína góður áfangastaður. ■

# Menntun og þekking tengir Ísland og Kína saman



Magnús Björnsson stundaði nám í kínversku í Beijing

Magnús Björnsson stundaði nám í kínversku í Beijing og kynntist landinu vel á þeim tíma. Hér skrifar hann um breytingar undanfarinna ára.

Árið 1995 hóf ég nám í kínversku í Beijing. Það Kína sem ég kynntist þá er harla ólíkt Kína dagsins í dag. Óhætt er að fullyrða að varla sé til það land í heiminum sem hefur tekið eins miklum breytingum á þessum tíma og Kína.

Það hefur sannarlega verið ótrúlegt að fylgjast náið með Kínverjum taka risa skref til nútímans. Þar verður mörgum tíðrætt um hinar áþreifanlegu breytingar með háhýsum stórborga og að bílum var skipt út fyrir reiðhjól. Það sem mér finnst þó merkilegast við þessar umbreytingar eru breytingar á aðstæðum og kjörum almennings sem líkja má við byltingu.

Fyrir utan auðvitað þrautseigju Kínverja í að bæta sín kjör spila aukin tengsl Kína við umheiminn á þessum tíma stóra rullu. Það er gömul saga og ný í gegnum kínverska sögu að Kínverjum hefur farnast best þegar þeir hafa haft mikil og góð samskipti við önnur lönd. Nákvæmlega það sama á einmitt við um Ísland og því segir það sig sjálft hversu mikið hagsmunamál það er fyrir báða aðila að hlúa að góðum og nánnum samskiptum landa.

## Íslenskt sendiráð í Beijing

Íslenska sendiráðið í Beijing var sett á laggirnar á þessu góða ári 1995. Eins og fram kemur í afar skemmtilegu og fróðlegu viðtali í hlaðvarpi Konfúsíusarstofnunar við fyrsta sendiherra Íslands með aðsetur í Kína, Hjálmar W. Hannesson, markaði opnun sendiráðsins tímamót í samskiptum landanna. Augljóst var að Íslendinga þyrsti í nánari kynni af Kína og hófst þá nýr kafli í samskiptasögu okkar sem með auknum viðskiptum og menningarsamskiptum landanna hafa tekið algerum stakkaskiptum á þessum rúmu 25 árum sem hafa liðið síðan.

## Mikilvægt hlutverk

Konfúsíusarstofnunin Norðurljós við Háskóla Íslands gegnir mikilvægu hlutverki í samskiptum landanna á sviðum menningar og



Ólafur Ragnar Grímsson, þáverandi forseti, og Dorrit Moussaieff í heimsókn í Kína árið 2007 þegar Eimskip opnaði formlega stærstu kæli- og frystigeymslu þar í landi.

menntunar. Í gegnum starf mitt þar hef ég haft tækifæri til að kynna kínverska tungu og menningu fyrir Íslendingum.

Meginmarkmið Konfúsíusarstofnunar, sem kennd er við kínverska heimspekinginn Konfúsíus, er kennsla í kínversku, bæði innan HÍ og í íslensku samfélagi almennt. Eins stendur stofnunin fyrir menningarviðburðum sem og umfjöllun um Kína í gegnum fyrirlestra og málþing. Fjöldi Íslendinga sem læra kínversku fer vaxandi og er ánægjulegt að sjá að fleiri ungmennti leitast eftir að kynna sér þetta fjarlæga og krefjandi en jafnframt skemmtilega tungumál.

Þekkingu á Kína og kínversku er verðmætt að hafa í farteskinu. Viðskipti landanna aukast hröðum skrefum og kínverskir ferðamenn streyma til þessa leyndardómsfulla lands okkar sem þeir kalla „bingdao“ eða íseyjuna upp á kínversku. Vaxandi þörf er því á fólk sem hefur innsýn í menningu Kínverja og talar tungumál þeirra til að við getum betur tekið á móti þessum ört vaxandi hópi ferðamanna.

## Samskipti á mörgum sviðum

Á hinu akademíska sviði eru samskipti við Kína á fjölmörgum

sviðum. Í áratugi hafa kínverskir nemendur sótt þekkingu til Íslands, sérstaklega í gegnum Jarðhitaskóla Sameinuðu þjóðanna. Umfangsmikið samstarf landanna þegar kemur að nýtingu jarðvarma í Kína er dæmi um verkefni til hagsbóta fyrir bæði löndin sem og allan heiminn í glímunni við loftslagsvána.

Árið 2007 hófst nám í kínversku fræðum við Háskóla Íslands og með því gafst íslenskum nemendum möguleiki á að læra kínversku og taka Kína-tengd námskeið til BA-prófs á Íslandi. Í þau tæp 15 ár sem kínversk fræði hafa verið í boði hafa vel á annað hundrad nemenda sótt kennslu í kínversku í gegnum þessa námsleið og stór hluti þeirra hefur haft tækifæri til að dvelja í kínverskum háskóla í eitt til tvö misseri sem hluta af náminu.

## Samstarf háskóla

Háskóli Íslands er nú í samstarfi við fjölmarga háskóla í Kína. Á meðal þessara skóla eru allir helstu skólar í Kína eins og Peking- og Qinghua-háskólar í Beijing og Fudan-háskóli í Shanghai. Einnig langar mig sérstaklega að nefna Ningbo-háskóla sem hefur staðfastlega stutt við Konfúsíusarstofnunina Norðurljós og sent mikið úrvalslíð kennara til


að kenna kínversku við Háskóla Íslands.

Aðrir íslenskir háskólar eru einnig í samstarfi við kínverska háskóla, mismikið þó. Það er mitt mat að áhugi íslensks háskólafólks á samstarfi og samvinnu við kínverska kollega sína sé vaxandi. Aukinn styrkleiki kínverskra háskóla á heimsvísu hefur þar eflaust mikið að segja og miklar framfarir í Kína á tæknisviðinu. En mikilvæg ástæða þessa er trúlega ekki síst sú staðreynd að fleiri eru að átta sig á því að gagnvart þeim miklu áskorunum sem mannkyn stendur frammi fyrir spilar Kína mjög vaxandi hlutverk og framtíðarlausnir á þeim eru óhugsandi án þess að Kína komi þar að borðinu.

Á þessum tímamótum við 50 ára afmæli stjórnmálasamskipta Íslands og Kína er það von mín að löndin muni halda áfram þeim vinalegu samskiptum sem alla tíð hafa einkennt samband þjóðanna. Svo góð hafa þau samskipti í raun verið að hvergi hefur þar fallið blettur á. Fjölmörg tækifæri biða okkar í samvinnu landanna og það er margt sem við getum lært hvort af öðru. Aðalatriðið er að nálgast það með opnum huga og framtíðarsýn að leiðarljósi til hagsbóta fyrir báðar þjóðir. ■

# 50 ára afmæli

stjórnálasambands milli Kína og Íslands



ALLIR ERU  
HJARTANLEGA  
VELKOMNIR

Í tilefni 50 ára afmælis stjórnálasambands milli Kína og Íslands, býður kínverska sendiráðið á Íslandi til fagnaðar og ljósmyndasýningar í Ráðhúsi Reykjavíkur, föstudaginn 17. desember næstkomandi frá klukkan 14:00-18:00.

Á sýningunni verða sýndar ljósmyndir sem sýna mikilvæg augnablik í samskiptum þjóðanna á síðustu 50 árum.



Frá menningarhátíð Kína í Reykjavík.



Landskeppni í skák á milli Íslands og Kína.



Stuðmenn í Kínaheimsókn.



Frá listasýningu í Laugardalshöll.



Íslensk fegurðar-drottning, Jóhanna Vala Jónsdóttir, æfir flautuleik í Kína.



10. febrúar 2013 var fyrsti dagur í kínversku nýári, þá var kínverskur dagur í Háskóla Íslands.

Boðið verður upp á gómsæta kínverska smárétti og ýmis handverk og minjagripni meðan birgðir endast.



Dumplings eru vinsælir í Kína og áhugi fyrir þeim er að aukast hér á landi.



Boðið verður upp á kínverska smárétti.



Nasl gert úr rækjum sem kallast „Prawn crackers“



Kínverskir smáréttir eru margskonar.



Minjagripir verða gefnir í Ráðhúsi Reykjavíkur í afmælisveislunni.



Fallegir kínverskir blævængir.



5

8. des

verð áður kr. 38.490-  
verð nú kr. 30.990-

comma,  
Ármúli 5

9. des

verð áður kr. 15.490-  
verð nú kr. 12.990-

comma,  
Ármúli 5

10. des

verð áður kr. 11.990-  
verð nú kr. 9.990-

comma,  
Ármúli 5

11. des

verð áður kr. 26.990-  
verð nú kr. 21.990-

comma,  
Ármúli 5

13. des

verð áður kr. 28.990-  
verð nú kr. 20.990-

comma,  
Ármúli 5

14. des

verð áður kr. 13.490-  
verð nú kr. 10.990-

comma,  
Ármúli 5

15. des

verð áður kr. 13.490-  
verð nú kr. 10.990-

comma,  
Ármúli 5

16. des

verð áður kr. 9.990-  
verð nú kr. 7.990-

comma,  
Ármúli 5

17. des

verð áður kr. 15.490-  
verð nú kr. 12.490-

comma,  
Ármúli 5

18. des

verð áður kr. 15.490-  
verð nú kr. 12.490-

comma,  
Ármúli 5

19. des

verð áður kr. 15.490-  
verð nú kr. 12.490-

comma,  
Ármúli 5

20. des

verð áður kr. 9.990-  
verð nú kr. 7.990-

comma,  
Ármúli 5

21. des

verð áður kr. 15.490-  
verð nú kr. 12.990-

comma,  
Ármúli 5

22. des

verð áður kr. 28.990-  
verð nú kr. 20.990-

comma,  
Ármúli 5

23. des

verð áður kr. 58.490-  
verð nú kr. 30.990-

comma,  
Ármúli 5

24. des

*Dregið úr jólaheiknum  
Gjafakort  
kr. 20.000-*

comma,  
Ármúli 5

comma,



Allir kuldaskór með mannbroddum

Verð fyrir: 22.990,-  
Tilboðsverð: 19.990,-

Tískan  
B/A/S/L/E/R MaxMara BRAX



Allar yfirhafnir frá BASLER  
á 20% afslætti til jóla

# Syndsamlega ljúffengt ratatouille og bláskel

Franskur matur er sagður sá allra besti í heimi enda er Frakkland gjarnan kallað matarkistan. Ingibjörg Ásta Pétursdóttir, sælkeri með meiru, fékk smjörþefinn af matarkistu Frakklands þegar hún dvaldist þar.

sjofn@frettabladid.is

Ingibjörg Ásta hefur alla tíð haft áhuga á mat og menningu og til einkað sér matargerð þeirra landa þar sem hún hefur dvalið, sérstaklega í héraðinu Provence í Suður-Frakklandi og líka í Marokkó. „Það að máta matinn í maganum lærði ég í Frakklandi. Ég borðaði ekki mat nema mig langaði í hann og eingöngu sem fór vel í maga eða mat sem mér leið vel af,“ segir Ingibjörg Ásta og bætir við að í Frakklandi hafi hún lært mest í matargerð og að njóta matarins. „Ég datt algerlega inn í þetta matarsamfélag og naut mín í botn.“

Ingibjörg lærði að setja saman matseðla og búa til mat úr fersku hráefni, nota það grænmeti sem uppskeran bauð upp á hverju sinni.

## Elda úr ferskasta hráefninu

Þegar Ingibjörg Ásta kom aftur heim eftir að hafa dvalið í Frakklandi og Marokkó í líðlega tólf ár varð áhugamál hennar að atvinnu. Hún opnaði Mensu Café og síðar Mensu veislubjónustu.

Í dag rekur Ingibjörg Ásta ásamt eiginmanni sínum Þorsteini Bergssyni og fleirum Hótel Flatey. „Þegar eina gistihúsið í Flatey hætti tók Minjavernd að sér uppbyggingu pakkhúsanna og þessi þrjú gömlu veðurbörðu hús gengu í endurnýjun lífdaga sem hótél og veitingastaður. Við erum sex sem stöndum að rekrstrinum og eigum hlut í honum.“

Ingibjörg Ásta og vinkona hennar Ingunn Jakobsdóttir unnu baki brotnu frá upphafi við að byggja upp og hlúa að þessum rekstri sem í dag er í blóma. En Hótel Flatey komst á laggirnar árið 2006. Þar naut Ingibjörg Ásta sín í eldhúsinu þar sem hún matreiðdi úr hráefninu úr firðinum og uppskerunni sem í boði var, eins hún hafði lært í Frakklandi.

## Bláskelin vinsælust í Flatey

Árið 2016 gaf Ingibjörg Ásta út matreiðslubók sem ber heitið Mensa – matur, minningar og litlir hlutir sem skipta máli. Hér er um að ræða nokkuð óvenjulega matreiðslubók en í henni eru uppskriftirnar kryddaðar með sögu



Ingibjörg Ásta rekur hótelið í Flatey en þangað flykkist fólk á sumrin.

hennar sjálfrar í máli og myndum. „Það eru gjarnan litlu atburðirnir í lífinu sem lifa áfram með mér og í bókinni er sagan mín sögð af ferlinum.“

Ingibjörg Ásta var í þættinum Matur og heimili á Hringbraut á dögunum þar sem hún svipti hulunni af tveimur sælkeruuppskriftum sem fylgja sögu hennar. Annars vegar er um að ræða syndsamlega ljúffengt ratatouille og hins vegar heimsins bestu uppskrift að bláskel úr Breiðafirðinum. Hér deilir hún uppskriftunum með lesendum.

„Ratatouille er franskur grænmetisréttur sem oft er borinn fram með kjöti en er líka góður einn og sér. Einnig þykir hann herramannsmatur kaldur og inni í eggjaköku.“

Bláskelin hefur í árána rás verið einn vinsælasti rétturinn á Hótel Flatey og enginn verður svikinn af þessum réttum sem Ingibjörg Ásta býður lesendum upp á.

Bláskelina er einfalt að matreiða og flestum finnst hún vera hið mesta losteti.

## Ratatouille

1 kg vel þroskaðir tómatar

2 laukar

2 eggaldin

2 kúrbítar

3 paprikur

1 lárviðarlauf

1 hvítlauksrif

2 greinar timían

2 greinar rósmarín

2 greinar steinselja

2 dl ólífuolia

Salt og svartur pipar

Sjóðið vatn í potti, dýfið tómötunum ofan í og látið þá liggja í tvær mínútur áður en þeir eru skráldir, skornir niður og settir í þykkbotna pott með loki. Flysjðið laukinn og skerið hann í hringi. Skolið eggaldin og kúrbít, skerið endana af og hendið en restina í sneiðar. Paprikurnar eru fræhreinsaðar og stilkurinn skorinn frá, skerið þær svo í báta, frekar grófa.

Takið stóra pönnu, hellið helmingi oliunnar á hana, steikið fyrst laukinn glæran og settið hann



Bláskel er í uppáhaldi hjá mörgum. Hún er einstaklega góð í Breiðafirðinum.



Grænmetisréttur við allra hæfi. Rataouille með alls kyns grænmeti. Bæta má kjöti í réttinn ef fólk vill það.

FRÉTTABLAÐIÐ/  
ANTON BRINK

í pottinn ofan á tómata, síðan eggaldinsneiðarnar og þá paprikubátana og síðast kúrbítinn.

Bætið olíu á pönnuna eins og þarf til að steikja grænmetið. Þá eru kryddjurtirnar settar í pottinn ásamt lárviðarlaufinu og mörðu hvítlauksrifi. Saltið og piprið eftir smekk. Setjið lok á pottinn og leyfið grænmetinu að malla við vægan hita í 30 mínútur.

Hrærið varlega tvisvar eða þrisvar á meðan grænmetið sýður svo það merjist síður. Bitarnir haldast þá heilir og rétturinn verður fallegri.

Ef svo færi að beiskt bragð myndist í lok suðunnar, bætið þá við 1 teskeið af sætuefni, eins og til dæmis agave-síröpi, hunangi eða einum sykurmola.

## Bláskel úr Breiðafirði fyrir 6

1 net ferskur kræklingur

3 dl hvítvín

2 skallottlaukar

¼ rauður, ferskur chillipipar

3 cm ferskt engifer

1 meðalstór gulrót

1 sitróna til skreytingar

4 kvistir steinselja

3 kvistir kóríander

Hreinsið kræklinginn, hendið brotnu skeljunum og skolið hann vel í köldu vatni. Afhýðið laukana og skerið þá mjög smátt. Skerið einnig chillipiparinn, gulrótina og engiferið.

Olian er sett í góðan, djúpan pott og þegar hún fer að hitna er laukurinn látinn krauma fyrst, þá gulrótin, engiferið og síðast chillipiparinn. Þá er hvítvíninu bætt út í kryddblönduna og svo er kræklingurinn settur ofan í og lok sett á pottinn sem er á hæsta straumi eða eldi.

Hrærið með sleif, tvisvar eða þrisvar, og látið sjóða þar til allar skeljarnar eru búnar að opna sig. Það tekur einungis 2-3 mínútur. Stráid steinselju og kóríanderblöðum yfir kræklinginn og skreytið með sitrónubátum. ■

# HEILSA

Fimmtudaginn 30. desember mun sérblaðið Heilsa fylgja Fréttablaðinu.

Fjallað er um allt sem viðkemur bættri heilsu.

Í blaðinu verða áhugaverð viðtöl og fróðleiksmolar sem unnið er af blaðamönnum Fréttablaðsins.

Boðið er upp á auglýsingapláss í blaðinu af öllum stærðum og gerðum.

Einnig er hægt að fá kynningarumfjöllun sem unnin er af blaðamanni Fréttablaðsins.

Pantanir og skil á auglýsingum er til og með 29. desember.

Kynningarumfjallanir þarf að panta í síðasta lagi miðvikudaginn 22. desember.

Áhugasamir auglýsendur hafi samband við:  
Sími 550 5078 / serblod@frettabladid.is



FRÉTTABLAÐIÐ SÉRBLÖÐ



# MARKAÐURINN



## Markaðurinn

Miðvikudaga kl. 19.00

Vikulegur þáttur um íslenskt viðskiptalíf þar sem farið er yfir helstu viðskiptafréttir vikunnar ásamt öðru því sem hæst ber hjá í efnahagslífinu hverju sinni. Þættinum stýra þau Helgi Vífill Júlíusson, Magdalena Anna Torfadóttir og Elíni Hirst.



HRINGBRAUT

## Bílar & Farartæki

### AÐALKAUP

Bílasala



#### GLÆNÝR BÍLL - ÓTRÚLEGT VERÐ - 4.177Þ!!!

NISSAN LEAF TEKNA 40kwh. Glænýr árgærd 2021, 100% rafmagn, Sjálfskiptur. TEKNA útfærsla með leðri, bakkmyndavél, propilot, leiðsögukerfi o.fl. o.fl. Bíll í ábyrgð. Drægni 270km. VERÐ AÐEINS kr.4.177.000- Rnr.120602 Til afhendingar strax hjá Aðalkaup bílasölu - Skeifunni 3c.

### AÐALKAUP

Bílasala



#### GLÆNÝR BÍLL - ÓTRÚLEGT VERÐ - 4.177Þ!!!

NISSAN LEAF TEKNA 40kwh. Glænýr árgærd 2021, 100% rafmagn, Sjálfskiptur. TEKNA útfærsla með leðri, bakkmyndavél, propilot, leiðsögukerfi o.fl. o.fl. Bíll í ábyrgð. Drægni 270km. VERÐ AÐEINS kr.4.177.000- Rnr.120615 Til afhendingar strax hjá Aðalkaup bílasölu - Skeifunni 3c.

### AÐALKAUP

Bílasala



#### GLÆNÝR BÍLL - ÓTRÚLEGT VERÐ - 4.177Þ!!!

NISSAN LEAF TEKNA 40kwh. Glænýr árgærd 2021, 100% rafmagn, Sjálfskiptur. TEKNA útfærsla með leðri, bakkmyndavél, propilot, leiðsögukerfi o.fl. o.fl. Bíll í ábyrgð. Drægni 270km. VERÐ AÐEINS kr.4.177.000- Rnr.120616 Til afhendingar strax hjá Aðalkaup bílasölu - Skeifunni 3c.

Aðalkaup - Bílasala  
Skeifan 3C, 108 Reykjavík  
Sími: 888 3715  
[adalkaup@adalkaup.is](mailto:adalkaup@adalkaup.is)  
<http://adalkaup.is>



Nýr 2021 Mitsubishi Outlander PHEV Instyle+ Tíglamynstruð leður á sætum. Glertoppluga. 18" álfelgur. Flottasta tyfa. 5 ára evrópsk verksmiðjuábyrgð. Þessi bílar hækka í verði um áramót! 4 litir á staðnum. Verð 6.390.000,-



Nýr 2021 Nissan Leaf Tekna 40 kWh battery. Drægni um 270 km. Evrópubíll í fullri ábyrgð. Eignum hvíta, Dökk grá og svarta til afhendingar strax. 840.000 undir listaverði á aðeins 4.350.000,-

Sparibíll ehf  
Hátún 6A, 105 Reykjavík  
Sími: 577 3344  
[www.sparibill.is](http://www.sparibill.is)

## Bílar til sölu



### TOPP EINTAK

Toyota Avensis 2008 5g.Tilbúinn í veturinn. Mikið endurnýjaður. Fullur af bensíni. Verð 450.000 Uppl. 820-5181

## Bílar óskast

VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN ?  
Kaupi bíla 25-250þús  
Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og við höfum samband

## Þjónusta

### Nudd

NUDD NUDD NUDD  
Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur. Lausir tímar. Sími 694 7881, Janna.

## Málarar

### REGNBOGALITIR EHF

Getum bætt við okkur verkefnum innanhúss. Löggiltur málarameistari. Löggiltir málarar. Vönduð vinna, vanir menn. [www.regnbogalitur.is](http://www.regnbogalitur.is) malarar@simnet.is. Sími 8919890

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafli, pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikael. S. 894 4560 [www.flytja.is](http://www.flytja.is) flytja@flytja.is

## Keypt & Selt

## Til sölu

Íslensk framleiðsla fyrir íslenskt veðurfar

### Vandaðir krossar á leiði!

JS LJÓSAMÍÐJAN  
LJÓSAMÍÐJAN  
LJÓSAMÍÐJAN  
LJÓSAMÍÐJAN

Skemmuvegji 34 - 200 Kóp. Sími 554 0661

Til sölu 12 volta leiðiskrossar með rafgeymi, einnig 24 volta og 32 volta vandaðir díóðuljósakrossar á leiði. JS Ljósasmíðjan ehf Skemmuvegur 34 (brún gata) 200 kóp. S. 554 0661, 897 4996 & 699 2502. Opíð virka daga 8-18 og á laugardögum í desember 10-16.

## Tilkynningar

## SKIPULAGSMÁL Í GARÐABÆ

### URRIÐAHOLT. FORKYNNING. Breyting á Aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030 og deiliskipulagi Urriðaholts, Norðurhluta 4

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur vísað tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Garðabæjar og deiliskipulagi Norðurhluta 4 í Urriðaholti, til forkynningar í samræmi við 2. mgr. 30. gr. og 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Deiliskipulagsbreytingin fjallar um lóð Urriðaholtsstrætis 9 en áformað er að breyta notkun hennar úr verslun og þjónustu í íbúðir fyrir 50 ára og eldri. Aðalskipulagsbreytingin er gerð til samræmis, til að breyta landnotkun úr verslun og þjónustu í íbúðarhúsnæði á þessu svæði.

Gögn vegna forkynningar eru aðgengileg á vef Garðabæjar, [www.gardabaer.is](http://www.gardabaer.is).

### SILFURTÚN. FORKYNNING. Breyting á deiliskipulagi Silfurtúns

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur vísað tillögu að breytingu á deiliskipulagi Silfurtúns til forkynningar í samræmi við 2. mgr. 30. gr. og 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Deiliskipulag Silfurtúns nær til lóða við Hörgatún (oddatölur), Goðatún, Faxatún og Aratún.

Deiliskipulagsbreytingin gerir ráð fyrir hækkingu nýtingarhlutfalls úr 0,3 í 0,35 og í 0,45 þar sem kjallarar eru mögulegir.

Gögn vegna forkynningar eru aðgengileg á vef Garðabæjar, [www.gardabaer.is](http://www.gardabaer.is).

Þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að senda inn skriflegar ábendingar til og með 12.01.2022 á netfangið [skipulag@gardabaer.is](mailto:skipulag@gardabaer.is) eða á bæjarskrifstofu Garðabæjar, Garðatorgi 7, 210 Garðabæ.



## Heilsa

### Heilsuvörur



## Húsnæði

### Geymslúhúsnæði

#### GEYMSLUR.IS SÍMI 555-3464

Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúð, allt að 20% afsláttur. [www.geymslur.is](http://www.geymslur.is)

#### WWW.GEYMSLAEITT.IS

Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m<sup>2</sup>. S: 564-6500

## Tilkynningar

## SKIPULAGSMÁL Í GARÐABÆ

### PORRAHOLT, TILLAGA AÐ BREYTINGU Á DEILISKIPULAGI HNOÐRAHOLTS NORÐUR.

Í samræmi við 1.mgr.43.gr. og 1.mgr. 41.gr. skipulagslaga nr.123/2010 auglýsir Garðabær hér með tillögu að breytingu á deiliskipulagi Hnoðrahólts norður sem nær til íbúðarbyggingar í Porraholti sem mun rísa norðan við núverandi byggð í Hnoðraholti.

Tillagan gerir ráð fyrir breytingu á byggingarreitum sem hafa það að markmiði að bæta búsetugæði íbúðanna. Byggingarmagn breytist ekki en fjöldi íbúða getur orðið á bilinu 180-220 í stað 200 áður. Fallið er frá verkefnislýsingu og forkynningu í samræmi við 40.gr. skipulagslaga nr.123/2010 þar sem allar forsendur eru til staðar í aðalskipulagi sem er sett fram sem rammahluti.

### HNOÐRAHOLT NORÐUR, LEIKSKÓLI OG BÚSETUKJARNI, TILLAGA AÐ BREYTINGU DEILISKIPULAGS.

Í samræmi við 1.mgr.43.gr. og 1.mgr.41.gr. skipulagslaga nr. 123/2010 auglýsir Garðabær hér með tillögu að breytingu á deiliskipulagi Hnoðrahólts norður.

Tillaga að breytingu deiliskipulags Hnoðrahólts norður sem gerir ráð fyrir stækkun skipulagssvæðis til suðurs austan Vetrarbrautar á háholti Hnoðrahólts. Gert er ráð fyrir 7.292 m<sup>2</sup> lóð fyrir leikskóla sem nefnist Haustbraut 1 og 3.143 m<sup>2</sup> íbúðarlóð ætlaðri búsetukjarna fyrir fatlaða nefnd Haustbraut 2. Tillagan er í samræmi við Aðalskipulag Garðabæjar 2016-2030 m.s.br. Þar sem að breytingartillagan er að fullu í samræmi við aðalskipulag fellur skipulagsnefnd frá gerð lýsingar í samræmi við 2. mgr. 40. gr. skipulagslaga og frá forkynningu í samræmi við 3. mgr. sömu greinar.

### MOSAGATA, TILLAGA AÐ BREYTINGU DEILISKIPULAGS URRIÐAHOLTS VESTURHLUTA.

Í samræmi við 1.mgr.43.gr. og 1.mgr.41.gr. skipulagslaga nr. 123/2010 auglýsir Garðabær hér með tillögu að breytingu á deiliskipulagi Urriðahólts vesturhluta.

Tillagan gerir ráð fyrir breytingu á deiliskipulagi Urriðahólts vesturhluta sem gerir ráð fyrir að göngustígur frá Mosagötu að göngustíg á milli lóða við Mosagötu og Holtsvæg falli út ásamt leiksvæði. Um leið breytast mörk lóðarinnar Mosagata 4 sem stækkar til norðvestur.

### URRIÐAHOLT, TILLAGA AÐ BREYTINGU DEILISKIPULAGS URRIÐAHOLTS NORÐURHLUTA 2 OG NORÐURHLUTA 3.

Í samræmi við 1.mgr.43.gr. og 1.mgr.41.gr. skipulagslaga nr. 123/2010 auglýsir Garðabær hér með tillögu að breytingu á deiliskipulagi Urriðahólts norðurhluta 2 og norðurhluta 3

Í deiliskipulagsbreytingunni felst að afmörkun deiliskipulagssvæðis breytist lítillega. Deiliskipulagsmörk milli 2. og 3. áfanga norðurhluta Urriðahólts samræmd. Bráðabirgðaútfærsla með snúningshaus í Dyngjugötu og Brekkugötu fellur niður. Brekkugata og Dyngjugata tengjast Urriðahóltsstræti með deiliskipulagi Urriðahólts 3. áfanga. Breyting er gerð á fyrirkomulagi bílastæða og gangstéttar vegna samræmingar milli 2. og 3. áfanga norðurhluta Urriðahólts. Fyrirhuguð gatnatenging á Brekkugötu frá 3. áfanga norðurhluta Urriðahólts færast til.

Tillögurnar eru aðgengilegar á vef Garðabæjar, [www.gardabaer.is](http://www.gardabaer.is), og í þjónustuveri.

Þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að senda inn skriflegar athugasemdir til og með 19.01.2022 annað hvort á netfangið [skipulag@gardabaer.is](mailto:skipulag@gardabaer.is) eða á bæjarskrifstofu Garðabæjar, Garðatorgi 7, 210 Garðabæ.



# Byltingin byrjar á skiptiborðinu



Sólveig Rós nemi í foreldrafræðslu og uppeldisráðgjöf

Umræður um ofbeldi geta verið erfiðar fyrir þau okkar sem ala upp eða vinna með börnum. Okkur finnst tilhugsunin um að þau séu beitt ofbeldi eða beiti aðra ofbeldi hræðileg. Flest viljum við gera allt sem í okkar valdi stendur til þess að vernda börnin okkar og passa að þau viti að þau eigi sinn líkama sjálf. Þeirra líkami sé þeirra eigin til að nota og njóta og vera í, hann sé ekki skrautmunur fyrir aðra að dást að eða til að notfæra sér fyrir sína eigin ánægju. Þau hafi sín mörk og að þau mörk eigi aðrir að virða, rétt eins og þau eigi að virða mörk annarra. Að sama skapi viljum við að ef þau hafi gert á hlut einhvers að þau viðurkenni að þau hafi gengið of langt, geri sitt besta til að bæta fyrir það ásamt því að passa að brotið eigi sér ekki stað aftur. Þau láti afsökunarbeiðnir eiga sig og reyni ekki að fría sig ábyrgð með því að segja „en hann byrjaði!“ eða „en ég vissi það ekkert!“ heldur axli ábyrgð á sínum gjörðum.

Til eru ýmsar leiðir til að aðstoða börn við að innbyrða þessa vitneskju. Hér skal tæpt á nokkrum er varða ung börn.

Til að kenna barni að líkami þeirra sé ekki skrautmunur skulum við ekki koma fram við börn eins og skrautmun. Höldum aðdáun okkar á því hvað þau séu fin og sæt í skefjum. Hemjum okkur í að klæða þau í óþægilegar og óþraktískar múnderingar bara af því að okkur finnst það svo sætt. Stillum hárgreislum og skrauti sem eru börnunum ekki að skapi í hóf, þó það sé myndataka og þó það sé veisla. Ræðum frekar við barn um hvað það er að gera heldur en í hverju það er.

Til að kenna barni að líkami þess sé ekki fyrir aðra til að nota eða njóta skulum við ekki gera það án vilja þess. Föðum og kyssum börn ekki án þeirra samþykkis. Tökum það ekki í fangið eða á kjóltuna því að okkur langar svo mikið að knúsa það ef barnið streitist á móti eða sýnir á annan máta að það vilji þetta ekki. Sleppum öllu „ætlaðu ekki að kyssa og knúsa ömmu bless?“ standi. Sjálfsagt er að spyrja eða bjóða faðminn en ef barnið snýr sér í hina áttina þá segjum við „allt í lagi“ og vinkum í staðinn.

Auðvitað þarf stundum að snerta börn án þeirra samþykkis. Það þarf að skipta um bleyjur og festa í bílstól og leiða yfir götu og fara til læknis. Þá er mikilvægt að útskýra fyrir barninu hvað er verið að gera og af hverju. Í það minnsta þarf að láta það vita hvað er að fara að gerast. „Ég er að taka þig upp núna og fara með þig inn á skiptiborð því ég ætla taka bleyjuna. Ég veit þig langar að halda áfram að kubba en ég verð að passa að líkaminn þinn sé hreinn og öruggur.“ Á þessu er hægt að byrja þegar barnið er nýfætt og með tímanum þegar sjálfstæði þess og geta eykst getur barnið frekar stjórnað hver snertir það og hvenær.

Til að börn læri að aðrir eigi að virða þeirra mörk skulum við virða mörkin þeirra. Ef við erum að kitla barn og það segir „hættu, stopp!“ þá skulum við hætta og stoppa þó að barnið sé að hlæja. Hlátur er ekki samþykki. Ef barninu finnst kitlið í raun gaman mun það biðja um meira. Ef barnið var komið með nóg þá lærir það að það stjórna því sem er gert við líkama þeirra.

Á þessu er hægt að byrja þegar barnið er nýfætt og með tímanum þegar sjálfstæði þess og geta eykst getur barnið frekar stjórnað hver snertir það og hvenær.

Til að barnið læri að virða mörk annarra skulum við halda þeim mörkum sem við höfum sjálf. Stundum eru þarfir barns miklar, eins og þegar veikt barn vill hanga í fangi allan daginn, en reynum þó eftir bestu getu að halda okkar eigin mörkum. Förum ein á klósettið þó að barnið vilji koma með, svo lengi sem það er öruggt frammi, ef það er það sem við viljum og þurfum á að halda. Klárum að borða matinn okkar þó að barnið vilji lesa. Sýnum því skilning þegar barnið er ósátt við mörkin sem við setjum, án þess að gefa eftir eða reidast. „Oh, ég sé að þú vilt að ég hætti að borða núna og komi að lesa! Það getur verið erfitt að biða. Ég ætla að klára matinn minn og svo skal ég lesa með þér.“ Hjálpum börnunum að lesa í og virða mörk annarra. „Mér sýnist litli bróðir ekki vilja knúsa núna, sérðu, hann er að snúa sér í burtu.“ „Ég ætla ekki að leyfa þér að lemja Siggú. Ég ætla að stoppa höndina þína núna svo að við séum öll örugg.“

Til að börn læri að axla ábyrgð á gjörðum sínum og geti einlæglega bedist afsökunar skulum við axla ábyrgð þegar við göngum of langt án þess að snúa því upp á barnið. „Fyrirgefðu að ég óskraði á þig. Ég ætla að vanda mig betur næst.“ Svo skulum við skoða hvað í aðstæðunum varð til þess að við létum svona og finna hvað við þurfum að gera til að geta í raun vandað okkur betur næst. Kannski þurfum við að sofa meira, minnka álag eða ræða við fagaðila.

Saman getum við stuðlað að því að næstu kynslóðir þekki betur inn á sínar þarfir og séu færari í samskiptum. Byltingin byrjar á skiptiborðinu. ■

# Fatlaðir fastir í rafrænum ranghölum



Kolbrún Baldursdóttir sálfræðingur og oddviti Flokks fólksins í borgarstjórn Reykjavíkur



Rut Ríkey Tryggvadóttir klæðskerameistari og móðir fatlaðs einstaklings

hafa keyrt í gegn án þess að hlusta á varnaðarorð m.a. frá þroskahjálpi, eru mannréttindabrot. Hinn rafræni faðmur hins opinbera er ekki eins tryggur og ætla mætti og býður upp á margs konar mistök.

## Allar leiðir lokaðar

Eins mikla kosti og rafrænar lausnir hafa þá þarf að horfa til þeirra sem ekki geta nýtt þær og finna fyrir þann hóp aðrar lausnir. Segja má því að kerfið sé vanhugsað frá upphafi þegar kemur að ákveðnum hópum í samfélaginu. Dæmi eru um að fólk með þroskahömlun hafi engan aðgang að upplýsingum eða öðrum þjónustuleiðum sem kalla á auðkenningu vegna þess að það hefur ekki getað sótt um rafræn skilríki. Hvorki ríki né borg virðast hafa sérþarfir þessa hóps í huga.

Stefnt er að því að gera biðlista miðlæga og rafræna. Auðvitað mun það verða gott þegar biðlistar verða miðlægir og rafrænir þannig að fólk geti séð hvar það er í röðinni. En fyrir fatlað fólk sem ekki getur auðkennt sig með rafrænum leiðum þarf að finna aðrar leiðir. Það er einfaldlega réttlætismál að fatlaðir fái sömu upplýsingar og þeir sem nota rafrænar lausnir.

Þess utan leysa „rafrænir biðlistar“ að sjálfsögðu ekki hinn alvarlega biðlistavanda sem virðist lengjast stjórnlaust bæði hjá ríki og borg. Flokkur fólksins vill að biðlistum sé einfaldlega eytt og ætti það að vera aðaláherslan. Það linar engar þjáningar að geta flett því upp í raf-

Nauðsynlegt er að bjóða aðrar auðkennisleiðir ásamt því að útbúa auðlesid upplýsingaefni á pappírformi.

rænum gagnagrunni að vera númer 346 í röðinni Rafrænar lausnir munu ekki fjölga starfsfólki sjúkrahúsa né í umönnun fatlaðra.

## Höfum mennskuna í fyrirrúmi

Sá hópur sem hér um ræðir hefur lent á skjön í borgarkerfinu. Foreldrum þessara einstaklinga er einnig meinaður aðgangur að upplýsingunum þar sem viðkomandi er yfir 18 ára. Það er nauðsynlegt að mæta þörfum fatlaðra á mennskan máta og hlusta á raddir þeirra og hagsmunasamtaka í stað þess að aðeins að nýta stafrænar lausnir til að ná fram skammtíma „hagræðingu“ fyrir þjónustuveitendur. Nauðsynlegt er að bjóða aðrar auðkennisleiðir ásamt því að útbúa auðlesid upplýsingaefni á pappírformi.

Það ekki heillavænlegt að velja aðeins stafræna einstefnu!

Fatlaðir einstaklingar verða alltaf hluti af þjóðfélaginu. ■

**ICELANDAIR CARGO**

**Jólagleðin liggur í loftinu**

icelandaircargo.is

## Innanlandsflug fyrir jólapakkann á 1.800 kr.\*

Sælla er að gefa en þigga – en jólafrakt Icelandair Cargo getur aukið enn á ánægjuna. Hvort sem þú lætur kerti, spil eða eitthvað allt annað í jólapakkana sjáum við um að flytja þá hratt og örugglega í réttar hendur fyrir jólin.

Akureyri — Egilsstaðir — Ísafjörður — Reykjavík

\*Gildir 8.–20. desember fyrir pakka allt að 10 kg

s. 570 3400

UMHVERFISMERKI

**pappír umhverfið prentun**

LITRÓF

UMHVERFISVÆN PRENTUN

Vatnagörðum 14 · 104 Reykjavík  
litrof@litrof.is · 563 6000 · litrof.is



Elskuleg móðir okkar og tengdamóðir, amma og langamma,

**Kristbjörg Sigurbjörnsdóttir**

frá Múlastekk í Skriðdal, fædd 3. apríl 1933,

lést á Hjúkrunarheimilinu Eir sunnudaginn 5. desember síðastliðinn. Útför hennar fer fram í Grafarvogskirkju á Lúsiudag 13. desember kl. 10-11 í viðurvist allra nánustu ættingja vegna sérstakra aðstæðna.

Jarðsett verður í Gufuneskirkjugarði. Hjartans þökk fyrir einlæga samkennd og samúð.

Athöfninni verður streymt frá Grafarvogskirkju á YouTube-síðu Grafarvogskirkju.

**Yst Ingunn St. Svavarsdóttir Sigurður Halldórsson**  
**Kristbjörg, Kristveig, Halldór Svavar**

**Birna Kristín Svavarsdóttir Kristinn Ingólfsson**  
**Svava, Ásdís, Sigurbjörn**

**Erla Kolbrún Svavarsdóttir Gunnar Svavarsson**  
**Guðrún Mist, Melkorka**

**Alma Eir Svavarsdóttir Guðjón Birgisson**  
**Magnús Már, Svavar og fjölskyldur.**



Berglind hagsaði hljóðfærin sem hluta af menningu Vestur-Íslendinga.

MYND/ÞSEND

## Þykjustunni þjóðararfur

Þrátt fyrir að Hrokkur og Lokkur séu afar þjóðleg hljóðfæri voru þeir þó aldrei til, en eru hugverk Berglindar Maríu sem byggir nýja bók sína á þeim.

arnartomas@frettabladid.is

Listakonan og doktorinn Berglind María Tómasdóttir gaf nýlega út bókina Tvisöng, samhlíða tónlist á kassettu, geisladiski og myndbandi. Þetta fjölþætta verkefni hverfist í kringum heimasmiðuð hljóðfæri Berglindar sem hafa þjóðlegan en skáldaðan bakgrunn.


„Hugmyndin um að búa til svona þykjustu þjóðlegt hljóðfæri kom til mín fyrir sirka tíu árum,“ segir Berglind sem er sjálf flautuleikari. „Þetta er eiginlega nálgun á því að finna sína eigin rödd með því að búa sér til sitt eigið hljóðfæri.“

Fyrsta hljóðfærið sem Berglind bjó til fékk heitið Hrokkur, en sá var samsettur úr gítar og barnahjóli.

„Ég bjó til tilbúna hefð í kringum það, að þetta hefði verið hljóðfæri sem Vestur-Íslendingar sem settust að í Kaliforníu hefðu spilað á,“ segir Berglind sem var búsett í Kaliforníu á þeim tíma. „Einn hvatinn á bak við þetta var líka að skoða hvað það þýði þegar einhver tónlist er sögð vera þjóðleg.“

Þegar Berglind fluttist aftur heim til Íslands útbjóg hún annað hljóðfæri sem hún kallar Lokk og er settur saman úr spunarokk og langspili.

„Í þetta skiptið hagsaði ég með mér að þetta hefði verið hljóðfæri sem Vestur-



Lokkurinn prýðir kápu bókarinnar.

Íslendingar í Winnipeg hefðu spilað á,“ útskýrir hún. „Svo var ég af og til að gera eitthvað með þetta hljóðfæri en vildi taka þessar þælingar saman og úr varð þessi bók.“

### Kassettutækisins minnst

Bókin Tvisöngur er byggð upp sem samtal Berglindar við hliðarsjálfið Rockriver Mary (beinþýðing á nafni höfundar) sem deilir með henni líkama.

„Þær eru að tala saman og reyna að finna út úr því hvernig hljóðfærin urðu til, og hugleiða svo líka tónlistarumhverfið sem ég kem úr sem er klassísk tónlist,“ segir Berglind.



Einn hvatinn á bak við þetta var líka að skoða hvað það þýði þegar einhver tónlist er sögð vera þjóðleg.

Kassettan og geisladiskurinn sem koma út samhlíða bókinni innihalda hvor um sig ólíkt efni sem leikið er á áður nefndan Lokk. „Upprunalega hafði ég mögulega hagsað mér að halda sýningu í kringum efnið, en þar sem þetta er af tónlistarlegu eðli þá var þetta lendingin í bili,“ segir Berglind. „Á disknum eru verk sem ég hef samið og flutt á tónleikum en á kassettunni eru upptökur af Lokknum og Hrokknum sem ég sendi á tónlistarfólk sem ég þekkti og það vann svo verk upp úr þeim hljóðum.“

En er ekki kassettan ansi úrelt?

„Hún er kannski langsóttasta hugmyndin af útgáfuformi í dag og það var einmitt þess vegna sem ég valdi hana,“ segir Berglind. „Verkefnið byggir mikið á nostalgíu og þjóðlegum hefðum. Fyrstu upptökurnar sem ég hlustaði á voru af kassettutæki, svo persónulega stendur hún mér ansi nærri. Ég bjó til mixtape, eða blandspólu, þegar það var í rauninni blandspóla!“ ■



Ástkær móðir okkar,  
**Sigrún Sigurdrif Halldórsdóttir**

frá Súðavík, síðast til heimilis að Lindasiðu 2, Akureyri,

lést þriðjudaginn 30. nóvember á Öldrunarheimilinu Hlíð á Akureyri.

Útför hennar fer fram frá Gleráarkirkju föstudaginn 10. desember kl. 13. Þeim sem vilja minnst hennar er bent á minningarsjóð Björns Rúnarssonar, reikningur nr. 0354-13-200686, kt. 141251-3259.

Streymt verður á Facebook-síðunni Jarðarfarir í Gleráarkirkju – beinar útsendingar.

Í ljósi aðstæðna þurfa kirkjugestir að sýna fram á neikvætt PCR-próf eða hraðpróf tekið af viðurkenndum aðila og ekki eldra en 48 klst. (2 sólarhringa) gamalt. Það er grimuskýlda.

**Daði Hálfðánsson**  
**Rúnar Hálfðánarson**  
**Kristján Hálfðánarson**  
**Brynjar Bragason**  
**Sigurdrif Jónatansdóttir**  
**Ólafía Jónatansdóttir**  
**Rögnvaldur Jónatansson**

**Ráðhildur Stefánsdóttir**  
**Inga Helga Björnsdóttir**  
**Jóhanna S. Hansen**  
**Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir**  
**Björn J. Sighvatz**  
**Haukur Konráðsson**  
**Ásdís Reykdal Jónsdóttir**



Ástkær móðir mín, tengdamóðir, amma, mág- og svilkona,

**Irma Karlsdóttir**

bankafulltrúi,

lést á Sólvangi í Hafnarfirði þann 1. desember síðastliðinn. Útförin haldin í kyrrþey að hennar ósk.

**María Kjartansdóttir Þorkell Guðmundsson**  
**Atli Þorkelsson Kári Þorkelsson**  
**Ingigerður M. Jóhannsdóttir Reynir Guðnason**  
**Sunna Þorkelsdóttir**  
**Colby Rapson**



Ástkær móðir okkar, fósturmóðir, tengdamóðir, amma og langamma,

**Guðlaug Pétursdóttir**

frá Kirkjubæ, Vestmannaeyjum,

lést á Hraunbúðum í Vestmannaeyjum þann 28. nóvember sl.

Útför hennar verður frá Landakirkju 9. desember kl. 13.00. Blóm og kransar afþakkaðir. Þeim sem vilja minnst hennar er bent á Hollvínasamtök Hraunbúða, reikn.nr. 0582-26-200200, kt. 420317-0770.

Í ljósi aðstæðna verða aðeins nánustu ættingjar og vinir viðstaddir. Streymt verður frá athöfninni á vef Landakirkju, landakirkja.is.

**Guðrún R. Jóhannsdóttir Þórarinn Sigurðsson**  
**Jónas S. Jóhannsson Þorbjörg Þorfinnsdóttir**  
**Pétur S. Jóhannsson Vilborg Stefánsdóttir**  
**Jóhann Þór Jóhannsson Hafdís Hannesdóttir**  
**Kristín Antonsdóttir ömmubörn og langömmubörn.**



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Dóra Frimannsdóttir**

lengst af á Borgarholtsbraut 50,

er látin.

Útför fer fram frá Digraneskirkju föstudaginn 10. desember kl. 10.00.

Vegna aðstæðna verða aðeins hennar nánustu aðstandendur viðstaddir. Streymt verður frá athöfninni á: laef.is/dora

**Frimann Ingi Helgason Anna Sigurlaug Magnúsdóttir**  
**Gunnlaugur J. Helgason Hanna Sólrún Ásvaldsdóttir**  
**Helgi Helgason Gunnur Rannveig Gunnarsdóttir**  
**Guðrún S. Helgadóttir Björn Sigurbjörnsson**  
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Eiginmaður minn, bróðir og mágur,

**Bjarni Gunnarsson**

enskukennari, löggiltur skjalapýðandi og dómtulkur, Bogahlíð 20, Reykjavík,

lést á Landspítalanum við Hringbraut 29. nóvember sl. Útförin hefur farið fram.

**Dagbjört Gunnarsdóttir Kristín Gunnarsdóttir**  
**Gunnar Vagn Gunnarsson Ólafur I. Jóhannsson**  
**Þórunn Gunnarsdóttir Berglind Hrönn**  
**Elisabet Gunnarsdóttir Hallgrímsdóttir**  
**og fjölskyldur.**

**ÞITT NAFN**




**BJARGAR LÍFI**

**ÞAÐ ER ALDREI RANGUR TÍMI FYRIR MANNRÉTTINDI**

Ekki láta þitt eftir liggja. Skrifaðu undir  
mál einstaklinga sem beittir eru  
grófum mannréttindabrotum.

**AMNESTY.IS**

## Veðurspá Miðvikudagur



Suðlæg átt 5-10 og bjartviðri í dag, en stöku skúrir eða él sunnan og vetan til og bætir í vind þar síðdegis. Frost 1 til 10 stig, kaldast í innsveitum á Norðausturlandi, en hlánar við suðvestur- og vesturströndina. Fer að snjóa austan til í kvöld. ■

## Skák Gunnar Björnsson



## Krossgáta

### LÁRÉTT

- 1 maskína
- 5 stunda
- 6 rún
- 8 fugl
- 10 ákefð
- 11 blæ
- 12 vegg hamar
- 13 hærri
- 15 uppspettur
- 17 allslaus

### LÓÐRÉTT

- 1 ágætlega
- 2 frábitinn
- 3 hald
- 4 rannsakandi
- 7 stíll
- 9 heildareign
- 12 íþrótt
- 14 limaburður
- 16 tvihljóði

1	2	3	4		
5			6	7	
8			9		
10			11		
		12			
13	14				
15				16	
	17				

LÁRÉTT: 1 mótor, 5 æfa, 8 tükani, 10 as, 11 lit, 12 berg, 13 ætti, 15 laugar, 17 snauð. LÓÐRÉTT: 1 mættel, 2 ófus, 3 tak, 4 rýni, 7 rígerð, 9 afeiga, 12 brun, 14 fas, 16 au.

Magnús Carlsen (2.855) átti leik gegn Ian Nepomniachtchi (2.782) í niundu einvígisskákinni í gær. Nepo lék síðast 27. c5??

27...c6! 28. f3 Rh6 29. He4 Ha7! 30. Hb4 Hb8 31. a4 Haxb7 og heimsmeistarinn átti ekki í vandræðum að vinna skákina manni yfir í 39 leikjum. Staðan núna er 6-3 Magnúsi í vil. Tiunda skákin fer fram í dag og þá hefur Carlsen hvítt.

[www.skak.is](http://www.skak.is): Heimsmeistaraeinvígið. ■

## Sudoku

	3	7	6	2		4		
6				5		2		
9	5			4	8			1
	2			6		1	9	
	4			5		2		8
3					7	5		
			1	4	7			
		9		8				
8	1							

				7				6
		5				4		9
	2							
				2		9	7	8
9	5			8				3
				7			5	
1	3	4			2			7
6	7	2		5	9	3		1

Þrautir felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

## Pondus



## Gelgjan



## Barnalán



Forlagið og Verðlaunasjóður íslenskra barnabóka auglýsa eftir handriti að skáldsögu fyrir börn og unglinga til að keppa um Íslensku barnabókaverðlaunin 2022.

Skilafrestur er til og með 1. febrúar 2022.

Allar upplýsingar á [www.forlagid.is](http://www.forlagid.is)






# GEFÐU GJÖF TIL HEILLA HEILLAGJAFIR.IS



Barnaheill





Verk á sýningunni í Hofi.

## Vetrarlogn Jónu

kolbrunb@frettabladid.is

Jóna Hlíf Halldórsdóttir heldur einkasýninguna Vetrarlogn í Menningarhúsinu Hofi og stendur sýningin til 9. janúar 2022.

Í tengslum við sýninguna er komin út bókin *Brim Hvít Sýn* sem fjallar um myndlist Jónu Hlífar, innsetningar og textaverk, sem hún hefur skapað undanfarna tvo áratugi. Auður Aðalsteinsdóttir, doktor í bókmenntafræði, er ritstjóri bókarinnar og Júlía Runólfssdóttir sá um hönnun og útlit. Ástríki útgáfa gefur bókina út.

Textaverk, tilraunir með efni og innsetningar eru kjarninn í myndrænni tjáningu verka Jónu Hlífar. Texti sem áferð: sem leið til að birta hugsanir, við að setja fram og skapa samfélag, eða sem grundvöllur hugmynda. Í verkunum hefur Jóna Hlíf meðal annars fengið við fyrirbærinn kjarna, tíma og imynd sögunnar. ■



Dúettar á Garðatorgi.

## Dúettar Birgis

kolbrunb@frettabladid.is

Á Garðatorgi 1 stendur yfir sýningin *Dúettar*, sem er í fimm þáttum. Hér um er að ræða myndlistarsýningu Birgis Rafns Friðaríkssonar.

Fyrirkomulag sýningarinnar er þannig að hver þáttur stendur í um mánuð. Annar þáttur stendur til 3. janúar. Þá kemur næsti þáttur og svo koll af kolli fram í marslok 2022. Hver þáttur hefur inntak eða málefni og yfirskrift. Til dæmis hét fyrsti þáttur *Um upphaf* og annar þáttur heitir *Í mótun*. ■

# Raddir innflytjenda



Kolbrún Bergþórsdóttir  
kolbrunb@frettabladid.is

Bókin *Pólifónía* er úrval ljóða eftir fimmtán skáld af erlendum uppruna sem sest hafa að á Íslandi. Ritstjóri er Natasha Stolyarova sem einnig skrifar formála.

„Í þessari bók heyrast raddir innflytjenda á Íslandi. Tilgangurinn með henni er að segja sögu innflytjenda á Íslandi og lýsa reynslu þeirra. Þegar bókinni er flett sést hversu ólík hún er venjulegum ljóðabókum,“ segir Natasha.

Um tilurð bókarinnar segir hún: „Ég áttaði mig á því að á íslenskum bókmenntamarkaði væri lítið sem ekkert af verkum eftir útlendinga sem hafa sest hér að. Þetta hefur samt verið að breytast síðustu ár, innflytjendur eru orðnir 15 prósent þjóðarinnar og það heyrir æ meira frá þeim. Nú eru raddirnar orðnar svo margar að tímabært var að gefa út bók eins og þessa.“

Bókin er tvímála útgáfa, ljóðin eru á íslensku og frummálinu. „Elías Knörr bjó síðan til sitt eigið tungumál sem enginn getur lesið nema hann, þannig að ég veit ekki hvað stendur í því ljóði,“ segir Natasha. „Yrkisefnin eru alls konar en snúast að stórum hluta um þá reynslu að vera innflytjandi. Sumir segja frá því af hverju þeir fóru frá landi sínu, aðrir yrkja um það hvernig var að læra íslensku, enn aðrir um minningar sínar og einangrunina sem fylgir því að vera innflytjandi.“

### Sigur Rós kveikti Íslandsáhuga

Natasha er rússnesk, frá Moskvu. Af hverju kom hún til Íslands? „Ég fór í tónlistarbúð í Rússlandi og það afgreiðslumanninn að mæla með einhverju góðu og hann rétti mér geisladisk með Sigur Rós. Ég fór heim, hlustaði og varð yfir hrifin. Eftir það langaði mig til að læra íslensku og fann skóla í Rússlandi þar sem norræn tungumál eru kennd. Ég var byrjuð að læra íslensku áður en ég kom til Íslands og tók hér BA-próf í íslensku. Ég er búin að búa hér í fimm ár samtals.“

### Mikilvægt innlegg

Hún á þrjú ljóð í bókinni. Eitt þeirra fjallar um sjósund. „Ég byrjaði að stunda sjósund hér á landi í þeim tilgangi að finna ró í kuldanum. Annað ljóð fjallar um það hvernig bókstafurinn a er í mismunandi



Yrkisefnin eru alls konar en snúast að stórum hluta um þá reynslu að vera innflytjandi.

tungumálum. Þriðja ljóðið fjallar um það að vera útlendingur og, það sem ég kalla, innlendingur.“

Hún segir bókina *Pólifónía* vera mikilvægt innlegg. „Höfundarnir eru að gera mjög margt en hafa ekki verið nægilega sýnilegir. Mig langaði til að koma þeim á framfæri. Höfundarnir sem skrifa ekki á íslensku fengu ljóð sín þýdd af þýðendum sem flestir eru rithöfundar. Þannig varð til mikilvæg samvinna milli Íslendinga og útlendinga. Ég sé þessa bók sem upphafið á innflytjendabókmenntum á Íslandi.“ ■

Natasha Stolyarova er ritstjóri bókarinnar og skrifar formála.

FRÉTTABLAÐIÐ/  
VALLI

# Hin sanna falska vitund ... er vitundin sjálf

## BEKUR

### Laus blöð

Ragnar Helgi Ólafsson

Útgefandi: Bjartur

Fjöldi síðna: 160

Kristján Jóhann Jónsson

Titill ljóðabókarinnar „Laus blöð“ er snúinn og slær tón sem vakir í bókinni. Allt er öðruvísi en það virðist vera og við höldum að við séum önnur en við erum. Blöðin í bókinni eru ekki laus. Þau eru bundin inn til þess að þau glatist síður. Það er útskýrt á pappírstrimli sem fylgir með. Auk þess fylgir bókamerki með skrá yfir blaðsíðutöl og yfirlit um það í hvaða röð beri að lesa ljóðin. Bókin er með öðrum orðum ekki bundin í „lestrarröð!“ Það er reyndar skemmtileg lestrarreynsla að fá uppgefið blaðsíðutal og þurfa að leita að ljóðinu sem á að


koma næst. Svolítið eins og leikur eða fjársjóðsleit.

Fyrstu línuna í þessari númeraskrá ber að lesa frá vinstri til hægri, síðan niður í næstu röð talna sem lesin er frá hægri til vinstri, næsta röð er svo lesin frá vinstri til hægri og þannig áfram.

Í bókinni er efnisyfirlit sem ekki fylgir tilmælum bókamerkisins. Kvæðum inni í bókinni er raðað samkvæmt þessu efnisyfirliti svo laus blöð Ragnars Helga koma til okkar í tveimur röðum. Þetta gætum við kallað birtingarröð og lestrarröð en þar að auki er bókinni skipt í kafla og röð kaflanúmera er óvenjuleg. Fyrst kemur þriðji hluti, svo fyrsti, þá fjórði og svo framvegis. Bókin er mjög falleg og þessi leikur með ljóðaraðir er eins og myndverk. Hið óvænta kemur í stað þess staðlaða og fyrirsjáanlega. Hugsun ljóðanna er byggð inn í prentgripinn á mjög útsjónarsaman hátt.

Ljóðin í bókinni eru á breiðum skala, sýna bæði blíðu og skarpa hugsun. Oftast og mest ber þó á því þema sem áður var nefnt. Það er ekki allt sem sýnist þegar nánar er að gáð. Það er áhugavert viðhorf í nútímanum og neysluhyggjunnar þar sem stöðugt er æpt á mann að allt sé einmitt eins og það sýnist, og jafnframt best. Ég nefni hér örfáar þeirra mynda og hugmynda sem sitja eftir þegar þessi bók er lokað.

Hvers vegna þarf skáldskapurinn að endurspegla heiminn? Er það til þess að eiga backup? Ekki má rugla saman flugáhugamanni og áhugaflugmanni, enda getur það verið spurning um líf og dauða. Sama á við um sekt og sektarkennd! Draumar eru staðreynd í þessari bók, ljóðmælandinn á sér tvífarar – og er líklega hann sjálfur. Hárið er rótfast í hársverðinum og máttlaust í vindinum og þess vegna er



hreyfing þess fögur. Sæð að ofan minnir borgin á þversnið af mannsheila.

Það er kannski í eðli ljóða að leita í það sem ekki verður staðfest eða höndlað í vitundinni. Það getur tekið á sig hátiðlegar og alvarlegar myndir en líka einfaldar og sniðugar. Hér er lítið ljóð úr bók Ragnars Helga:

### Ljósmynd

Kannski

er ástæða þess

að mér finnst svona skrítið

af þú eigir þessa ljósmynd

af þessum sofandi manni

sú

ad ég er maðurinn

og ég hef aldrei

séð hann sofa. ■

**NIÐURSTAÐA:** Paulhugsuð og gullfalleg ljóðabók þar sem gamanið er alvara – og öfugt.



# NATURE VALLEY™

## NJÓTTU NÁTTÚRUNNAR



## Miðvikudagur

## Hringbraut

- 18.30 **Fréttavaktin** Farið yfir fréttir dagsins í opinni dagskrá.
- 19.00 **Markaðurinn** Viðskiptafréttir samtímans í umsjón blaðamanna Markaðarins.
- 19.30 **Saga og samfélag** Saga og samfélag er þáttur þar sem málefni líðandi stundar verða rædd í sögulegu samhengi og vikið að nýjustu rannsóknnum fræðimanna á margvíslegum sviðum.
- 20.00 **Kvennaklefinn** Heimsborgaralegur, hreinskilinn, fjörugur, óvenjulegur og ótrúlega skemmtilegur þáttur fyrir konur, um konur.
- 20.30 **Fréttavaktin** Farið yfir fréttir dagsins í opinni dagskrá.
- 21.00 **Markaðurinn (e)**

## RÚV Sjónvarp

- 13.00 **Heimaleikfimi**
- 13.10 **Kastljós**
- 13.25 **Menningin**
- 13.30 **Edda - engum lík**
- 14.05 **Augnablik - úr 50 ára sögu sjónvarpsins**
- 14.20 **HM kvenna í handbolta** Bein útsending frá leik í milliriðli á HM kvenna í handbolta.
- 16.05 **Jólin hjá Claus Dalby**
- 16.15 **Okkar á milli**
- 16.50 **Bækur og staðir**
- 17.00 **Þeirra Ísland** Frá Háskólanum út í atvinnulífið.
- 17.30 **Jóladagatalið. Jólásótt**
- 18.00 **KrakkaRÚV**
- 18.01 **Jóladagatalið. Saga Selmu**
- 18.14 **Jóladagatalið. Jólásótt**
- 18.41 **Jólamolar KrakkaRÚV**
- 18.45 **Krakkafréttir**
- 18.50 **Jólag dagsins** Lag: Sagan af Jesú. Flytjendur: Sigriður Thorlacius, Bryndís Jakobsdóttir og Ragnheiður Gröndal.
- 18.54 **Vikingslöttó**
- 19.00 **Fréttir**
- 19.25 **Íþróttir**
- 19.30 **Veður**
- 19.35 **Kastljós**
- 19.50 **Menningin**
- 20.05 **Kiljan** Þáttur sem er löngu orðinn ómissandi í bókmenntaumræðunni í landinu.
- 21.00 **Skammhlaup Glitch** Þriðja þáttaröð þessara áströlsku, vísindaskáldsögulegu spennuþátta um lögreglumanninn James sem rannsakar dularfull mál tengd fólki sem er risið upp frá dauðum í áströlskum smábæ. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna.
- 22.00 **Tíufréttir**
- 22.15 **Veður**
- 22.20 **Murdoch-velðið The Rise of the Murdoch Dynasty** Heimildarþáttaröð í þremur hlutum frá BBC um ótrúlega sögu fjölmiðlaveldis Ruperts Murdochs þar sem skyggst er inn í áhrifin sem Murdoch hefur á bak við tjöldin og valdabaráttuna innan hans eigin fjölskyldu.
- 23.15 **Þegar afi eignast barn** Når farfar blir far
- 00.00 **Dagskrárlök**

## Stöð 2 Golf

- 07.05 **Alfred Dunhill Links Championship**
- 15.30 **PGA Special. Delivering a Decade of Champions**
- 15.50 **Aramco Team Series - New York**
- 20.45 **The Honda Classic** Útsending frá Honda Classic.

## Sjónvarp Símans

- 11.30 **Dr. Phil**
- 12.15 **The Late Late Show**
- 13.00 **Heil og sæl?**
- 13.35 **Ástriða**
- 14.50 **The King of Queens**
- 15.10 **Everybody Loves Raymond**
- 15.35 **Hrúturinn Hreinn - isl. tal**
- 17.00 **Fjárjósflakkarar (15.52)**
- 17.10 **Fjárjósflakkarar (16.52)**
- 17.25 **Tilraunir með Vísinda Villa**
- 17.30 **Jóladagatal Hurðaskellis og Skjóðu**
- 17.35 **Dr. Phil**
- 18.20 **The Late Late Show**
- 19.05 **Jóladagatal Hurðaskellis og Skjóðu**
- 19.10 **Solsídan**
- 19.40 **The Neighborhood**
- 20.10 **Survivor**
- 21.00 **New Amsterdam**
- 21.50 **The Bay**
- 22.40 **Interrogation**
- 23.25 **The Late Late Show**
- 00.10 **Dexter**
- 01.00 **The Resident**
- 01.45 **Walker**
- 02.30 **The Twilight Zone**
- 03.20 **Tónlist**

## RÚV Rás eitt

- 06.45 **Morgunbæn og orð dagsins**
- 06.50 **Morgunvaktin**
- 07.00 **Fréttir**
- 07.30 **Fréttayfirlit**
- 08.00 **Morgunfréttir**
- 08.30 **Fréttayfirlit**
- 09.00 **Fréttir**
- 09.05 **Segðu mér**
- 09.45 **Morgunleikfimi**
- 10.00 **Fréttir**
- 10.03 **Veðurfregnir**
- 10.13 **Á reki með KK**
- 11.00 **Fréttir**
- 11.03 **Mannlegi þátturinn**
- 12.00 **Fréttir**
- 12.03 **Hádegidið Fyrri og seinni hluti**
- 12.20 **Hádegisfréttir**
- 12.42 **Hádegidið**
- 13.00 **Dánarfregnir**
- 13.02 **Samfélagið**
- 14.00 **Fréttir**
- 14.03 **Jól í skókassa**
- 15.00 **Fréttir**
- 15.03 **Svona er þetta**
- 16.00 **Siðdegisfréttir**
- 16.05 **Viðsjá**
- 17.00 **Fréttir**
- 17.03 **Lestin**
- 18.00 **Spegillinn**
- 18.30 **Þjóðsögukistan** Þjóðsögur um gullkamb, selfólk og banana í Brasilíu
- 18.50 **Veðurfregnir**
- 18.53 **Dánarfregnir**
- 19.00 **Endurómur úr Evrópu**
- 20.35 **Mannlegi þátturinn**
- 21.40 **Kvöldsgagan. Í verum, seinna bindi (20 af 32)**
- 22.00 **Fréttir**
- 22.05 **Veðurfregnir**
- 22.10 **Samfélagið**
- 23.05 **Lestin**

## Stöð 2 Bíó

- 11.25 **Batman. Hush**
- 12.45 **Holy Lands**
- 14.20 **Pitch Perfect**
- 16.10 **Batman. Hush**
- 17.30 **Holy Lands**
- 19.10 **Pitch Perfect**
- 21.00 **Paradise Hills** Spennandi ævintýramynd og vísindaskáldskapur frá 2019. Uma býr á afvikinni eyju. Hún vaknar einn daginn í Paradise Hills, stofnun sem efnaðar fjölskyldur senda dætur sínar á til að þær geti orðið besta útgáfan af sjálfri sér.
- 22.30 **High-Rise**
- 00.25 **Halloween**
- 01.55 **Paradise Hills**

## Stöð 2

- 07.55 **Heimsókn**
- 08.15 **The Mentalist**
- 09.05 **Bold and the Beautiful**
- 09.25 **Jóladagatal Árna í Árdal**
- 09.35 **Gossip Girl**
- 10.15 **All Rise**
- 11.00 **Flirty Dancing**
- 11.40 **Hálendisvaktin**
- 12.10 **The Office**
- 12.35 **Nágrannar**
- 12.55 **Friends**
- 13.20 **Friends**
- 13.40 **Skreytum hús**
- 14.00 **Manifest**
- 14.40 **The Cabins**
- 15.30 **The Office**
- 15.50 **The Spruces and the Pines**
- 17.25 **Bold and the Beautiful**
- 17.50 **Nágrannar**
- 18.20 **Annáll 2021** Fréttastofa Stöðvar 2, Vísis og Bylgjunnar rifjar upp árið alla virka daga í desember. Um fjöllumarefni: Eurovision.
- 18.26 **Veður**
- 18.30 **Fréttir Stöðvar 2**
- 18.50 **Sportpakkin**
- 18.55 **Ísland í dag**
- 19.10 **Jamie's Easy Meals at Christmas**
- 19.55 **Amazing Grace**
- 20.45 **A Christmas Love Story**
- 22.10 **Coroner** Leyndardómsfullir sakamálaþættir. Jenny Cooper er dánardómstjóri í Toronto, þar sem hún rannsakar dularfull andlát.
- 23.00 **Sex and the City**
- 23.30 **Damages**
- 00.10 **Damages**
- 00.50 **Chucky**
- 01.45 **NCIS**
- 02.30 **Outlander**
- 03.25 **Friends**
- 03.50 **Friends**
- 04.10 **The Office** Bandarískir gamanþættir um lífið á Dunder Mifflin pappírskrifstofunni í Scranton Pennsylvaníu.

## Stöð 2 Sport

- 07.45 **Hamar - Álftanes**
- 09.25 **Tilþriffin**
- 10.15 **Grindavík - Stjarnan** Útsending frá leik í Subway deild karla.
- 11.55 **Subway Körfuboltakvöld karla**
- 12.55 **Kristinn Kjærnested**
- 13.45 **Fjölnir - Haukar** Útsending frá leik í Subway deild kvenna.
- 15.25 **Grindavík - Keflavík**
- 17.05 **Subway Körfuboltakvöld kvenna**
- 18.05 **Skallagrimur - Fjölnir** Bein útsending frá leik í Subway deild kvenna.
- 20.05 **Keflavík - Valur** Bein útsending frá leik í Subway deild kvenna.
- 22.05 **Skallagrimur - Fjölnir**
- 23.45 **Keflavík - Valur**

## Stöð 2 Sport 2

- 07.05 **Leipzig - Manchester City**
- 08.45 **Ajax - Sporting**
- 10.25 **Dortmund - Besiktas**
- 12.05 **Meistaradeildarmörkin**
- 12.55 **Salzburg - Sevilla**
- 14.55 **Manchester United - Young Boys** Útsending frá leik í UEFA Youth League.
- 16.55 **Real Madrid - Inter**
- 19.15 **Meistaradeildin - Upphitun**
- 19.50 **Manchester United - Young Boys** Bein útsending frá leik í Meistaradeild Evrópu.
- 22.00 **Meistaradeildarmörkin**
- 22.45 **Ensku bikarmörkin**
- 23.10 **Football League Show**
- 23.35 **Benfica - Dynamo Kiev**

## Jólin &amp; Sæta Svinið

11:30-14:30

## JólaLUNCH

## FIMM JÓLALEGIR RÉTTIR

- ★ **FORRÉTTIR**  
Nauta carpaccio  
Flatkökur meistarans
- ★ **AÐALRÉTTIR**  
Andabringa  
Nautalund
- ★ **EFTIRRÉTTUR**  
Súkkulaðikaka „Nemisis“

5.900 kr.



FRÁ KL. 17

## JólaSEÐILL

## ÁTTA JÓLALEGIR RÉTTIR

- ★ **FORRÉTTIR**  
Nauta carpaccio  
Lambatartar  
Flatkökur meistarans  
Pönnusteikt humarspjót
- ★ **AÐALRÉTTIR**  
Andabringa  
Nautalund
- ★ **EFTIRRÉTTIR**  
Súkkulaðikaka „Nemisis“  
Jólaskyr

8.900 kr.

Borðapantanir  
á saetasvinid.is



# SKEMMTILEG SPIL Í JÓLAPAKKANN



## Krakkar um víða VERÖLD

Við erum öll jöfn en þó oft á tíðum mjög ólík hvert öðru. Í þessu spili gefst börnum kostur á að læra um framandi heimshluta og mismunandi menningu ólíkra þjóða.

Þetta skemmtilega og fræðandi spil er vel til þess fallið að svara meðfæddri forvitni barnanna.

UPPLIFÐU  
HEIMINN Í  
SKEMMTILEGU SPILI






## GULLEYJAN

Fjár sjódsleitin fer fram á smárri eyju í miðju hafinu og gengur út á að fylla fjár sjódslistu af góssi.

Kastið teningum til að mynda samstæður og hljótið gullpeninga að launum.

SKEMMTILEG FJÁRSJÓDSLEIT  
FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA



## Evrópa

Hvaða staðreyndir um Evrópu ættu allir að þekkja? Hvað veistu um evrópska íþróttamenn? Þekkir þú sögu meginlandsins og eyjanna í kring? Ertu vel að þér í evrópskum dægur-málum og tónlist?

Spurningar eftir  
Stefán Pálsson



## Sérfræðingurinn

Sovét féll en hvað svo?

toti@frettabladid.is



**Valur Gunnarsson**  
sagnfræðingur og  
rithöfundur  
Þann 8. desember 1991, fyrir rennisléttum 30 árum í dag, voru Sovétríkin formlega lögd niður.

Mikhail Gorbatsjev Sovétleiðtogi sagði síðan af sér á jóladag og fyrir árslok hafði rauði fáninn verið dregin niður af Kremlinu í síðasta sinn.

Mikil bjartsýni ríkti undir lok kalda stríðsins um heimssfrið en 30 árum síðar er spurt: Hvað fór úrskeiðis, hvað gengur Pútín til og hvernig horfir þetta við Rússum?

„Sýn Vesturveldanna á Rússland markast gjarnan af ötta en Rússar eru ekki síður smeykir og minningin um seinni heimssstyrjöld er sterk,“ segir Valur Gunnarsson sagnfræðingur, höfundur bókarinnar Bjarmalönd, sem er einn frummælenda á opnum umræðufundi undir yfirskriftinni Sovétríkin féllu en hvað gerðist svo? sem Sagnfræðingafélagið heldur í lönó í kvöld klukkan 20.



Sovétríkin liðuðust í sundur fimm árum eftir fundinn í Höfða 1986.

„Svo virðist sem við stefnum óhjákvæmilega til versnandi samskipta og einhvers konar stríðsástands. Öll þessi mál eru leysanleg ef viljinn er fyrir hendi, en Biden og Pútín eru engir Reagan og Gorbatsjev,“ segir Valur sem mun segja frá ferðum sínum um fyrrum Sovétríkin og ræða hvernig samskipti Rússlands og Vesturveldanna hafa þróast undanfarin 30 ár og um hvað er deilt austast í Úkraínu.

Jón Ólafsson prófessor var staddur í Rússlandi við fall Sovétríkjanna og flytur erindi um hratt hrun stórveldisins. Þá mun Victoria Bakshina, sem alin er upp í Rússlandi en býr nú á Íslandi, segja frá sinni reynslu á milli tveggja heima. ■

## TikTok skekur tónlistarbransann

Íslenskur lagahöfundur segir smáforritið TikTok móta tónlistarbransann, allt frá lagasmíðum til framsetningar í tónlistarmyndböndum og útvarpsspilana. Áratuga gamlir smellir ganga í endurnýjun lífdaga í krafti nýrrar kynslóðar sem heyrði löginn fyrst á TikTok.

ninarichter@frettabladid.is

Fjöldi TikTok-notenda náði einum milljarði í september og TikTok er því er orðið eitt stærsta samskiptaforrit heims. Forritið fór á markað í september 2016 en þar hláða notendur upp stuttum myndböndum af sjálfum sér. Dansar eru vinsælir en áskoranir af ýmsu tagi og „mæmaður“ söngur eru einnig mjög áberandi.

Tölfræðin segir sína sögu. Samkvæmt gögnum Business Insider eru 67 prósent TikTok notenda líkleg til að leita uppi tónlist á streymisveitum eftir að hafa heyrt hana fyrst á TikTok. Vinsælir TikTok-notendur hala inn tekjur, sem geta hlaupið á gríðarlegum fjárhæðum, í gegnum samninga við tónlistarfólk og útgáfufyrirtæki sem leitast við að koma af stað tiskubylgju með tónlist sinni.

Þá hafa TikTok-notendur verið tilnefndir til Grammy-verðlauna fyrir söngleikjatonlist sem samin var fyrir TikTok-miðilinn og frumflutt þar.

## Íslendingar á TikTok


„Ég er stundum að semja fyrir aðra og hef verið í verkefnum þar sem maður heyrir að fólk sé spennt fyrir því að gera TikTok-lög,“ segir tónlistarkonan og lagahöfundurinn Hildur Kristín Stefánsdóttir. „Fólk er þannig farið að reyna að semja fyrir TikTok.“

Ég hef sjálf verið að semja með fólki sem hugsar þannig, en ég spyr þá: Fyrir hvað er fólk þá að gera þetta. Fyrir frama eða pening?“ Hildur segir að þar séu TikTok-áhrifin farin að hafa áhrif á tónlistina sjálfa, en þá sé fólk farið að einbeita sér að TikTok-vænum kafla og hugsni minna um restina af laginu.

En ætli fólk sér að semja sérstaklega fyrir TikTok þurfi það sjálft að hefja „trend“, búa beinlínis til tiskubylgju, og slíkt sé langsótt. Enda telur Hildur að tónlistarfólkið sjálft hafi keyrt fæst slík „æði“ í gang.

## Laufey Lín með þeim stærstu

Hildur segist ekki fá séð að margir íslenskir tónlistarmenn hafi náð árangri á TikTok, en nefnir þó Laufey Lín sem undantekningu. „Hún gerir ekki þetta tónlistar TikTok og er ótrúlega dugleg að setja inn vídeó af sjálfri sér að syngja,“ segir hún. Þegar þetta er skrifað er Laufey Lín með 346 þúsund fylgjendum á TikTok, 260 þúsund á Instagram og 79 þúsund fylgjendum á YouTube.



**Margir listamenn í dag finna fyrir pressu til að vera áhugaverðir á samfélagsmiðlum, til að sýna að þeir séu áhugaverðir einstaklingar, til að fólk nenni að hlusta á þá.**



Hildur Kristín Stefánsdóttir, tónlistarkona og lagahöfundur



**Ég elska að krakkarnir séu að hlusta á eitt-hvert 70's- og 80's-stöff.**



Matthías Már Magnússon, aðstoðardagskrárestjóri á Rás 2

„Það skiptir máli að vera með prófil þar sem fólk getur bæði skoðað tónlistina og þig sem persónuleika.“ Hún ítrekar að góð ámynd á samfélagsmiðlum sé mjög mikilvæg. „Þetta hefur breyst mikið síðan ég var í Rökkurró þegar ég var sautján ára. Við vorum með Myspace-aðgang og þá var maður ekkert að setja inn efni á hverjum degi,“ segir Hildur.

„Margir listamenn í dag finna fyrir pressu til að vera áhugaverðir á samfélagsmiðlum, til að sýna að þeir séu áhugaverðir einstaklingar, til að fólk nenni að hlusta á þá,“ segir hún.

## Hraðinn mikill á TikTok

Matthías Már Magnússon, aðstoð-

ardagskrárestjóri Rásar 2, kveðst aðspurður markvisst fylgjast með TikTok-tónlist, en segir vissa lagni og klókinni þurfa til að grípa nýjasta efnið jafnóðum. „Þetta er svo ógeðslega mikið,“ segir hann. „Maður fattar þetta yfirleitt eftir á, hraðinn er svo ofboðslegur,“ segir hann.

Matthías segist gjarnan sjá TikTok-löginn birtast á Spotify-topp-listum, en þar megi líka sjá áratuga gamla slagara dúkka upp eftir langan dvala, vegna þess að ný kynslóð hafi uppgötvað lagið á TikTok.

„Ég elska að krakkarnir séu að hlusta á eitthvert 70's- og 80's-stöff, en fyrir þeim er þetta bara nýtt lag. Þau eru ekkert að pæla í því hvenær það kom út. Nýtt lag fyrir þeim er bara lag sem þau hafa ekki heyrt áður.“

## Spotify breytir lagasmíðum

Matthías vill ekki gera mikið úr því að TikTok-áhrifanna gæti í tónlistinni en segist sjá mun á tónlistarmyndböndum. „Þau eru orðin TikTok-dansar. Ameríska poppið er allt með „kóreógröfudum“ dönsum sem allir eiga að geta gert á TikTok,“ segir Matthías. „Að því leyti er TikTok búð að breyta því hvernig þú kemur tónlistinni á framfæri.“

Hann segist þó greina breytingar á lagasmíðum vegna Spotify. „Intróin í löginn eru styttri og söngurinn byrjar miklu fyrr. Þú færð ekki stefgjöldin fyrr en eftir 30 sekúndur og það telst ekki vera spilun ef þú hlustar í minna en hálfu mínútu,“ segir Matthías. „Það er verið að hláða öllu í lagið fyrr, viðlagið þarf að grípa þig fyrr.“ ■

Smáforritið TikTok skekur tónlistarbransann og þá ekki síst myndræna framsetningu tónlistarinnar.

FRÉTTABLAÐIÐ/  
ANTON BRINK



**BRANDSON**

VÆNTANLEGT



SKANNAÐU MEÐ SÍMAMYNDÁVÉLI!  
SMELLTU Á HLEKK OG SKRÁÐU ÞIG


BRANDSON.IS





# Frábærar bækur




Úrval af bókum á tilboði fyrir jólin




Skáldleg afbrotafræði  
**4.999 kr.** VERÐ ÁÐUR 7.299 KR.



Úti  
**4.999 kr.** VERÐ ÁÐUR 7.299 KR.



Þú sérð mig ekki  
**4.999 kr.** VERÐ ÁÐUR 7.299 KR.



Náhvít jörð  
**4.999 kr.** VERÐ ÁÐUR 7.299 KR.

Verður er mismunandi eftir verslunum. Gildistími tilboðsins er til og með 13. desember eða á meðan birgdir endast. Uppýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabengi.

## Á skjánum

### Elskar enska boltann og bófadrama



**Atli Jasonarson**  
rappari

„Ég elska enska boltann, það er bara eins og það er. Hef mikið verið að horfa á skandinavískt bófadrama upp

á síðkastið, til dæmis Kastanje-  
manden og Afdeling Q.

Svo hef ég alltaf gaman af því að horfa á pólskt efni, til dæmis kvikmyndina Hejter, sem er geeeeeeeeeeeeeeeeeggggggjuð og þættina Znaki, sem eru ágætir.

Svo má ekki gleyma bestu þáttum allra tíma: Merlin eftir snillingana hjá BBC. Ég var ekki að horfa á þá nýlega samt, ég vildi bara koma þeim að.“ ■



Ásdís minnist Bandaríkja-ferðarinnar með hlýju. Ferðin varð enda innblástur að fyrstu skáld-sögunni. FRÉTTA-  
BLAÐIÐ/ANTON  
BRINK

## Með Kóraninn í skottinu

Ásdís Ingólfssdóttir var eitt sinn handtekin á landamærum Kanada og Bandaríkja. Minningin varð henni innblástur að fyrstu skáldsögu hennar, *Haustið 82*.

odduaevar@frettabladid.is

Ásdís Ingólfssdóttir, rithöfundur og kennari við Kvennaskólann í Reykjavík, segist ekki hafa þurft að leita langt að innblæstri fyrir sína fyrstu skáldsögu, *Haustið 82*, sem sækir í dramatíska reynslu hennar af því þegar hún var handtekin í Bandaríkjunum með Kóraninn í skottinu.

„Þótt þetta sé bók um erfiðleika þá er þetta skemmtileg bók. Hún er létt og ég hugsaði hana fyrir ungt fólk. Þetta er bók um ungt fólk fyrir ungt fólk og byggir á þessum atburðum í lífi mínu, til dæmis því að ég var handtekin úti í Bandaríkjunum með vinkonu minni,“ segir Ásdís.

Í söguútdrætti bókarinnar segir að haustið 1982 sé krefjandi fyrir aðalpersónuna Möggu, sem þá er í erfiðu háskólanámi þar sem námslánin duga skammt. Pabbi hennar veikist og mamma hennar gerir illt verra en þegar líður að jölum ákveður hún að leyfa sér að vera hvatvís

og skella sér til Bandaríkja og heimsækja vinkonu sína yfir jólin.

### Vandræði á landamærum

„Við ákváðum að fara að skoða Niagarafossana og þá vildum við endilega skella okkur til Toronto og fórum yfir landamærin, fimm saman einhverjir krakkar. Þegar við komum svo til baka erum við beðin um að sýna passana okkar,“ útskýrir

Ásdís. Einn vina þeirra var strákur frá Alsír sem hafði nýverið ferðast til Sovétríkja.

„Á þessum tíma, 1982, er okkur einfaldlega bara kippt út úr bílaröðinni þarna við landamærastöðina og við endum á að vera þarna í marga klukkutíma. Við erum tekin í yfirheyrslu og svo er billinn tekinn og þá kemur í ljós að vinkona mín sem átti bílinn átti ekki lykilmann að skottinu. Þarna var

svona skottlykill,“ segir Ásdís.

### Sleggja á lofti

Landamæraferðir réttu vinkonunum þá verkfæri, meðal annars sleggju, en vinur þeirra var enn í yfirheyrslu. „Þeir segja okkur að við séum hvergi að fara á meðan við höfum ekki sýnt þeim skottið. Ég var svo barnaleg að mér fannst þetta allt svo kjánalegt og eins og þeir væru að leika í bíó. Svo á endanum náðum við loksins að opna

skottið með því að lemja það með sleggju og slá lásinn úr skottlokkinu.“

### Endurfundur eftir 39 ár

Ásdís segir að þegar skottið opnaðist hafi landamæraferðirnar orðið nokkuð brúnaþungir. „Heyrðu og þá er það ekkert öðruvísi en svo að þá er Kóraninn í skottinu. Ég vissi nú varla hvað það var. Hann var gerður upptækur, ásamt tónum brúsum,“ segir Ásdís. Hópnum hafi verið skutlað áleiðis og vinkonurnar setið úti í bíl þar til yfirheyrslur yfir stráknum frá Alsír klárðuðust.

„Þá var komin mið nótt og við enduðum á að gista á einhverju hóteli þarna rétt hjá því við vorum svo eftir okkur. Ég skrifa svo þessa bók núna og fæ vinkonu mína sem ég heimsótti í Bandaríkjunum til að lesa hana yfir. Hún hrósaði mér fyrir það hvað ég mundi þetta vel og þá fórum við að spá í hvar félagi okkar Amin frá Alsír væri. Þá fórum við á stúfana og nú er hún búin að finna hann, 39 árum síðar, í gegnum Facebook,“ segir Ásdís.

Hún segir að þar hafi orðið miklir fagnadarmundir. „Og bókin varð til þess! Hann varð alveg rosalega glaður og hissa þegar við höfðum samband. Honum fannst þetta alveg undislegt að þetta hefði svo ratað í bók en fyrir honum var þetta auðvitað miklu alvarlegra atvik en fyrir okkur. Við Íslendingar erum svo mikið á spássiu heimsins og manni dettur ekki í hug að manni sé einu sinni ógnað og ég þarna eitthvað svo örugg á meðan hann var í allt annarri stöðu.“ ■

## Jólaögin ná inn í miðtaugakerfið

svavamarin@frettabladid.is

Poppkóngurinn Páll Óskar Hjálmtýsson segir að hjá sér byrji jólahátiðin eftir fyrstu tónleika hans og hörpuleikarans Moniku Abendroth í Háteigskirkju fyrsta sunnudag í adventu.

„Á þeirri stundu ná jólaögin inn í miðtaugakerfið á mér,“ segir Páll Óskar og bætir við að hann skreyti garðinn heima hjá sér með útisiumu jafnt og þétt fram að Þorláksmessu og þá sjáist vart í húsið fyrir ljósum.

Páll Óskar segist spila jólatónlist á hverjum degi í desember og nefnir sérstaklega tvær vínillpötur. „Tvær vínillpötur, sem komnar eru til ára sinna, eru settar á fóninn á minnu heimili. Ég fékk þær frá æskuheimili mínu,“ segir Páll Óskar og áréttar að um upprunaleg eintök sé að ræða.

„Annars vegar er það plata með Elly og Vilhjálm og hins vegar píanóleikarinn Ronnie Aldrich sem spilar nokkur hugljúf jólaög.“

Palli segir aðspurður að hann sé opinn fyrir öllum jólamat: „Coco vinur minn og búningahöfundur mun töfra fram dýrindis jólamatíð. Hann er meistarakokkur og ég treysti honum fyrir djöbbinu. Við höldum jólin oftast saman. Við erum báðir „single“,“ segir hann og hlær.

Palli víðurkennir fúslega að hann sé mikið jólabarn og að tilhlökkunin sé mikil. „Ég fann gamla myndbandsupptöku af mér sex ára gömlum að aðstoða móður mína við að skreyta jólatréð. Ég er dansandi út um alla stofu og það iskrar í mér af tilhlökkun. Svo fullkomlega ómenguð gleði og ég er svo feginn því að jólabarnið er þarna enn þá.“ ■



Páll Óskar elskar jólin. MYND/ABSEND

AUGLÝSINGAELDÍR – AUGLÝSINGASTJÓRI: Guðaf Bjarnason [gustaf@torg.is](mailto:gustaf@torg.is), ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050: Auður Hünfjörð [audur@frettabladid.is](mailto:audur@frettabladid.is), Hjördis Zoëga [hjordis@frettabladid.is](mailto:hjordis@frettabladid.is), Hlynur Þór Steingrímsson [hlynur@frettabladid.is](mailto:hlynur@frettabladid.is), Reynir Elís Þorvaldsson [reynir@frettabladid.is](mailto:reynir@frettabladid.is), Örn Geirsson [orn@frettabladid.is](mailto:orn@frettabladid.is), FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5078: Arnar Magnússon [arnar@frettabladid.is](mailto:arnar@frettabladid.is), Jóhann Waage [johannwaage@frettabladid.is](mailto:johannwaage@frettabladid.is), Jón Ívar Vilhelmsson [jonivar@frettabladid.is](mailto:jonivar@frettabladid.is), Ruth Bergsdóttir [ruth@frettabladid.is](mailto:ruth@frettabladid.is), FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNÍ: Elin Albertsdóttir [elin@frettabladid.is](mailto:elin@frettabladid.is), RÁDAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 550 5056: Hrannar Helgason [hrannar@frettabladid.is](mailto:hrannar@frettabladid.is), TÍMAMÓTA- OG ÞJÓNUSTAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055: Arna Rut Kristinsdóttir [arnarut@frettabladid.is](mailto:arnarut@frettabladid.is)

www.betrabak.is

# VERÖLD HVÍLDAR

BETRA BAK – LEGGUR GRUNN AÐ GÓÐUM DEGI

**kosy**  
WALK HAPPY

**STORMUR HEILSUINNISKÓR**  
Með NÍU svæða nuddinnleggi nærðu slökun og vellíðan sem dregur úr spennu og örvar blóðflæði. Heilsuinniskórnir eru fallegir, hlýir og einstaklega þægilegir.

Verð 9.900 kr.

20%  
AFSLÁTTUR AF SLOPPUM

**BOSS LORD SLOPPAR**  
Nú 23.920 kr. **JÓLAVERÐ**  
Fullt verð: 29.900 kr.

**LACOSTE PIQUÉ BADSLOPPUR**  
Nú 19.920 kr. **JÓLAVERÐ**  
Fullt verð: 24.900 kr.

20%  
AFSLÁTTUR

**TEMPRAKON ZONE SÆNG**  
Sæng með innbyggðri hitastýringu. Fylling: Gæsadúnn og fjadrir.  
Sæng, 135x200 cm. Verð 59.900 kr.  
47.920 kr. **JÓLAVERÐ**

**TEMPRAKON ERGOMAGIC**  
Koddi með memory foam svampi og innbyggðri hitastýringu.  
Koddi. Verð 26.900 kr.  
21.520 kr. **JÓLAVERÐ**

**JOOP RÚMFÖT**  
Cornflower. 140x200 cm.  
Verð 25.900 kr.  
20.720 kr. **JÓLAVERÐ**

FAXAFENI 5 Reykjavík 588 8477  
DALSBRAUT 1 Akureyri 588 1100  
SKEIDI 1 Ísafirði 456 4566



Hundur í óskilum



# NJÁLA

Á HUNDAVAÐI

Fjölbreytt úrval  
sýninga fyrir þig  
og þína



Tryggðu þér gjafakort á [borgarleikhus.is](http://borgarleikhus.is)



MJÚKIR PAKKAR

RÚMFATA  
LAGERINN

## Bakpankar

Láru G.  
Sigurðardóttur



## Blindflug

„Við erum svo spennt yfir að vígja nýja Max-vél. Þetta er fyrsta flugið,“ heyrði ég flugfreyju segja við fólk sem sat fyrir aftan mig í vélinni þegar ég var að koma mér þægilega fyrir í sætaröð sem ég hafði út af fyrir mig (af einskærri heppni). Fyrir stafni var langt flug frá Seattle til Keflavíkur. Í stað þess að sofa værum blundi ásóttu mig fréttainnslög frá Max 737 flugslysnum, sem urðu árin 2018 og 2019. Flugvélnar voru kyrrsettar í kjölfarið.

Nú er ný ríkisstjórn að taka á loft og bindur maður vonir við betri tíð. Nú verður hrist upp í hreiðrinu. Aðgerðir sem byggðar eru á gagnreyndri þekkingu munu fljúga úr þingsal og lenda með lausnamiðaðri nálgun sem styður við heilsu og líðan okkar almúgans. Því til að efla heilsu þjóðarinnar, fækka sjúkdómum og bæta líðan fólks, þarf að liggja yfir skýrslum sem sýna svart á hvítu hvað virkar – og hvað ekki. Að gera það ekki er eins og að setjast upp í flugvél með flugstjóra sem fékk flugskírteinið sitt úr kólkópuffspakka og ætlar að treysta á eigin tilfinningar.

Mestu framfarir í lýðheilsu-málum verða þegar menn horfa í skýrslur sem byggja á rannsóknum, læra af þeim og aðlaga samfélaginu. Á flugfreyjuárum mínum lærði ég um ótal flugslys. Ekki var þetta gert til að hræða okkur, heldur til að læra af mistökum annarra og öðlast betri þekkingu til að auka öryggi farþega. Á milli þess sem ég reyndi að hughreysta mig með því að ég væri í öruggum höndum flugáhafnar missti hjartað slag við tilhugsunina um að ég hefði í raun enga stjórn á aðstæðum. Nú er spurning hvort við þurfum að missa slag yfir lýðheilsuáðgerðum þingsins. Erum við að fara að horfa á blindflug eða verða vel upplýstir flugstjórar við stjórnartaumana. ■

# Einfalt að skipta. Erfitt að snúa aftur.

Prófaðu Kia e-Niro 100% rafbíl með 455 km drægl.



Movement that inspires

Eigum bíla til afhendingar strax

Kia e-Niro er kraftmikill og einstaklega rúmgóður borgarjæplingur með allt að 455 km akstursdrægl og 80% hleðslu á 42 mínútum. Rúmgott 451 l farangursrými hentar vel á ferðalögum. Einnig fylgir Niro hin einstaka 7 ára verksmiðjuábyrgð Kia.

Tryggðu þér nýjan Kia e-Niro fyrir áramótin. Með bílnum fylgir Zaptec Go hleðslustöð. Komdu í heimsókn og láttu sjá þig með Niro.

e-Niro 39 kWh verð frá:

4.990.777 kr.

Afborgun á mánuði 35.572 kr.\*\*

## ULLARJAKKAR



ICELANDIC  
WOOL

BYLTING Á  
HEIMSVÍSU

NÁTTÚRUVÆN EINANGRUN  
ÚR ÍSLENSKRI ULL



icewear.is